FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

128. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ 2017



**Fundað var langt fram á kvöld á Alþingi í gær. Við slíkar aðstæður getur ýmislegt komið upp sem þarf að hvíslast á um við sessunaut sinn. Á meðal þess sem tekið var fyrir var tillaga dómsmálaráðherra um skipan dómara í Landsrétt. Hugðust Píratar leggja fram vantrauststillögu á ráðherra yrði frávísunarkrafa minnihlutans ekki samþykkt.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Einn hinna sniðgengnu íhugar málsókn

**Einn þeirra sem dómsmálaráðherra lagði ekki til að yrðu skipaðir Landsréttardómarar, þvert á mat hæfnisnefndar, íhugar málsókn. Minnihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar er ósáttur við afgreiðslu tillögunnar úr nefndinni. Málið var til umfjöllunar á Alþingi í gær.**

**ALÞINGI** Að minnsta kosti einn þeirra, sem hæfnisnefnd mat á meðal þeirra fimmtán hæfustu til að gegna embætti dómara við Landsrétt en Sigríður Andersen dómsmálaráðherra lagði ekki til að yrðu skipaðir, íhugar að kæra íslenska ríkið eða leita til umboðsmanns Alþingis vegna málsins.

Fordæmi er fyrir því að ríkissjóður greiði bætur vegna slíks. Var Árna Mathiesen, sem og ríkissjóði, árið 2011 gert að greiða Guðmundi Kristjánssyni hálfa milljón króna fyrir að hafa gengið framhjá honum við skipan dómara í Héraðsdóm Norðurlands vestra og Héraðsdóm Austurlands í desember 2007.

Fréttablaðið ræddi í gær við nokkra þeirra fjögurra sem dómsmálaráðherra var ósammála hæfnisnefnd um og var hljóðið í þeim þungt. Einn þeirra notaði orðið „valdníðsla“ um vinnubrögð dómsmálaráðherra.

Lilja Alfreðsdóttir, fulltrúa Framsóknarflokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, segir afgreiðslu tillögunnar úr nefnd rýra traust. „Ég óttast að þetta rýri traust á þinginu og að þetta rýri traust á þessu nýja dómstigi,“ segir Lilja.

Katrín Jakobsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, segir meirihlutann hafa ákveðið að keyra málið út úr nefnd. „Andmæli okkar snúast ekki um einstaklingana heldur málsmeðferðina en við teljum það algjört grundvallaratriði við þessi tímamót í réttarsögunni, þegar nýr réttur er settur og skipaður í heild sinni, að málsmeðferð stjórnvalda sé hafin yfir vafa,“ segir Katrín enn fremur.

Tillagan var tekin fyrir á Alþingi í gær en Fréttablaðið var farið í prentun áður en málið kom til umræðu. Til stóð að minnihluti nefndarinnar myndi leggja fram frávísunartillögu. Yrði hún ekki samþykkt myndu Píratar íhuga að leggja fram vantrauststillögu á dómsmálaráðherra sem hafði verið samin fyrr um daginn. **– þea**

## Glerfullur reiðvegur

**AKUREYRI** Alvarleg mistök áttu sér stað við lagningu nýs reiðvegar sunnan við golfvöll Akureyringa í vor.

Jarðvegur sem notaður var í veginn er mjög mengaður af alls konar postulíni og glerrusli sem er stórhættulegt bæði mönnum og dýrum sem eiga leið um veginn.

„Þetta eru hrikaleg mistök sem hafa átt sér stað við gerð reiðvegarins og bæði mönnum og dýrum stendur ógn af þessum vegi,“ segir Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis á Akureyri.

Reiðvegurinn sem um ræðir tengir hesthúsahverfi hestamanna á Akureyri við náttúruperluna Eyjafjörð og er fjölfarinn alla daga.

**– sa** / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um hágengisfjandann. 19

**SPORT** Hörður Björgvin, leikmaður Bristol City, var settur í frystikistuna. 31

**MENNING** Áhugavert að skjóta sig í fótinn og sjá hvað gerist. 38

**LÍFIÐ** Íslensk stjórnvöld hafa mótað málstefnu til varðveislu og eflingar íslenskri tungu. 48



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **GRUNNNÁM Á BIFRÖST**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

AFSLÁTTARDAGUR
-20%
SÖFNUNAR - STELL & GLÖS
AÐEINS Í DAG
iittala -10%
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 – sími 568 9955

SMÁRALIND
MIÐNÆTUROPNUN
SKUGGALEGA GÓÐ TILBOÐ Í ALLAN DAG
OPIÐ TIL 24
SJÁ TILBOÐ OG DAGSKRÁ Á BLS. 14-17

## Veður




Strekkings eða allhvöss austan- og norðaustanátt með rigningu, en hvassviðri eða stormur við S-ströndina fram eftir degi.
SJÁ SÍÐU 36

# Svífur yfir Úlfarsfelli



Raggi Bjarna mætti með miklum stæl á Úlfarsfell í gærkvöld. Þar frumflutti hann nýtt lag með Stuðmönnum sem hann syngur. Tónleikarnir voru hluti af skemmtigöngu sem um tvö þúsund manns sóttu á vegum Ferðafélags Íslands. Tilefni göngunnar var að heiðra þá göngugarpa og félaga í Ferðafélaginu sem gengið hafa á Úlfarsfellið mörg hundruð og jafnvel þúsund sinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ófundinn í nauðgunarmáli

**DÓMSMÁL** Ekki hefur tekist að hafa uppi á manni sem stefnt hefur verið í einkaréttarmáli og sakaður er um nauðgun sem átti sér stað á Ísafirði og Fréttablaðið hefur fjallað um. Stefna gegn honum hefur verið birt opinberlega.

Tveimur mönnum hefur verið stefnt til fullra bóta vegna málsins. Þeir eru báðir af erlendum uppruna en annar þeirra er enn búsettur hér á landi og hefur útvegað sér lögfræðing vegna málsins. Hinn maðurinn er, eins og áður segir, ófundinn.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur lögmaður konunnar reynt ítrekað að hafa uppi á manninum erlendis.

Að endingu var stefnan birt opinberlega en það þýðir að maðurinn gæti verið dæmdur til bótagreiðslu, þrátt fyrir að taka ekki til varna. – snæ

# Geirfinnsmál í Hæstarétt á allra næstu dögum

**DÓMSMÁL** Guðmundar- og Geirfinnsmálið fer fyrir Hæstarétt núna í lok vikunnar eða í næstu viku. Þetta segir Davíð Þór Björgvinsson, settur saksóknari í málinu. „Það er verið að vinna í skjalagerðinni og svoleiðis,“ segir hann við Fréttablaðið.

Eftir að Davíð Þór hefur sent gögn málsins til Hæstaréttar verður birt fyrirkall og endurupptökubeiðendur eru boðaðir í Hæstarétt. Þar á eftir verður fundinn tími fyrir málið á dagskrá Hæstaréttar, en Davíð Þór býst ekki við því að málflutningur fari fram fyrr en í vetur.

Davíð Þór verður væntanlega skipaður dómari við Landsrétt sem tekur til starfa við næstu áramót. Hann segir ekkert liggja fyrir um það hvaða áhrif sú skipan hefur á stöðu hans sem setts saksóknara. „Það verður bara að taka þann slag þegar það liggur endanlega fyrir,“ segir Davíð Þór en segist sjálfur ekki vera ómissandi frekar en nokkur annar.

Endurupptökunefnd komst að þeirri niðurstöðu fyrr á þessu ári að mál fimm af sex sakborningunum í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu skyldi taka upp aftur. – jhh

> **Það er verið að vinna í skjalagerðinni.**
>
> Davíð Þór Björgvinsson, settur saksóknari í Geirfinnsmálinu






# Prófessor er vanhæfur mannanafnadómari

**Hæstiréttur segir Eiríkur Rögnvaldsson vanhæfan til að dæma í sérstöku dómsmáli sem varðar heimild barns til að bera nafn það sem foreldrar þess kusu. Ástæðan eru athugasemdir hans við breytingadrög á mannanafnalögum.**

**DÓMSMÁL** Prófessor í íslensku hefur verið rutt úr dómi þar sem hann hafði verið kvaddur til sem sérfróður meðdómandi. Dómsmálið snýst um kröfu foreldra stúlkubarns um að barnið fái að bera það nafn sem þau gáfu henni. Mannanafnanefnd hafði hafnað beiðni þeirra.

„Mér finnst þetta mál allt nokkuð skondið. Það var haft samband við mig í vor um að taka sæti í málinu núna. Ég hef áður verið meðdómandi í svona máli en að vísu skrifað þó nokkuð um þetta eftir það,“ segir Eiríkur, sem hefur starfað við íslenskukennslu í Háskóla Íslands frá ársbyrjun 1981.

Vísar Eiríkur þar meðal annars til dóms sem kveðinn var upp í desember 2013. Þar komst hann, ásamt héraðsdómaranum Ingiríði Lúðvíksdóttur og málfræðingnum Hönnu Óladóttur, að þeirri niðurstöðu að drengur mætti bera eiginnafnið Reykdal.

Síðan Eiríkur sat í þeim dómi hafa verið lögð fram drög að frumvarpi um breytingar á mannanafnalögum. Var það gert fyrir sléttu ári. Með þeim lögum var stefnt að því að fella úr lögum þær takmarkanir sem nú eru á mannanöfnum á borð við fjölda nafna sem má bera, vernd ættarnafna og takmarkanir á heimild til að bera erlend nöfn.

„Það var óskað eftir athugasemdum við frumvarpsdrögin. Ég sendi inn ítarlega athugasemd sem síðar var birt nánast óbreytt á vefriti Hugvísindasviðs,“ segir Eiríkur.

Ríkislögmaður segir að vegna þessa sé hægt að draga hæfi prófessorsins í efa og ætti hann því að víkja sæti. Héraðsdómari hafnaði því enda hefði umfjöllun Eiríks verið almenn umfjöllun málfræðings sem varðaði ekki málið sem nú liggur fyrir dómi. Hæstiréttur komst að öndverðri niðurstöðu þar sem Eiríkur tekur í athugasemdum afstöðu til vinnureglna þeirra sem mannanafnanefnd hefur sett sér. Þá segir í niðurstöðukafla athugasemda hans að „frumvarpsdrögin [séu] veruleg réttarbót [sem afnemi] þá mismunum sem felst í gildandi lögum“.

„Mér er enginn sérstakur akkur að vera meðdómandi. Dómarinn vildi fá úr þessu skorið þegar ég bauðst í upphafi til þess að víkja sæti,“ segir Eiríkur. Aðspurður hvort honum þyki vegið að heiðri sínum með vanhæfninni hlær hann og segir málið algerlega meinlaust. „Það verður ekkert sérstakt mál að finna meðdómanda sem hefur ekki tjáð sig um lögin.“ johannoli@frettabladid.is



Hæstiréttur sneri niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Mér finnst þetta mál allt nokkuð skondið.**
>
> Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði



HÚSASMIÐJAN

blómaval

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM*

í Húsasmiðjunni og Blómavali

AÐEINS Í DAG Í ÖLLUM VERSLUNUM UM LAND ALLT

AÐEINS Í DAG

OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD Í SKÚTUVOGI

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

*Gildir ekki af vörum í timbursölu, tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar"

Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Margt á borði Þingvallanefndar sem fundar eftir sjö mánaða hlé

**STJÓRNSÝSLA** Þingvallanefnd sem kjörin var á Alþingi fyrir rúmum mánuði hélt sinn fyrsta fund síðastliðinn mánudag. Var það fyrsti fundur Þingvallanefndar í sjö mánuði eða frá því fyrri nefnd lauk störfum rétt fyrir alþingiskosningar í lok október í fyrra.

Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks úr Suðurkjördæmi, nýr formaður Þingvallanefndar, segir mörg aðkallandi verkefni bíða.

„Það er ýmis innviðauppbygging og undirbúningur sem þarf til að taka á móti 1,8 milljón ferðamönnum á ári hverju,“ segir Vilhjálmur.

Meðal annars segir Vilhjálmur um að ræða lagningu rafstrengs til að geta byggt upp vatnssalerni við bílastæðin í þinghelginni á Völlunum og endurnýjun vegarins um þjóðgarðinn. „Það þarf að byggja veginn þannig að umferðaröryggi sé tryggt en um leið séu gildi þjóðgarðsins varin og að samfélagið sem býr í návígi við þjóðgarðinn sé líka haft í huga.“



Bygging salerna er meðal þeirra mála sem bíða nýrrar nefndar. Hefði komið að góðum notum þegar þessi herramaður var á ferð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eftir langt fundarhlé bíða mörg erindi Þingvallanefndar, meðal annars frá aðilum sem vilja bjóða veitingar eða afþreyingarþjónustu í þjóðgarðinum.

„Við þurfum að byrja á að setja okkur inn í það og hvernig það passar inn í stefnumörkun og markmið með þjóðgarðinum,“ segir nýi formaðurinn.

Varaformaður Þingvallanefndar er Theodóra S. Þorsteinsdóttir, alþingismaður Bjartrar framtíðar, úr Suðvesturkjördæmi. **– gar**

## Keypti efnið í sprengjuna einn

**BRETLAND** Salman Abedi, sem myrti 22 í Manchester í síðustu viku, keypti stærstan hluta efnisins sem þurfti til að búa til sprengjuna einn síns liðs. Frá þessu greindi lögregla í gær. Að sögn Russ Jackson, yfirmanns hryðjuverkadeildar lögreglu Norðaustur-Englands, var Abedi einn að verki í flestum sínum aðgerðum í aðdraganda árásarinnar. Þó útilokar lögregla ekki að hann hafi tilheyrt skipulögðum hópi hryðjuverkamanna.

Þá sagði Jackson að rannsókn lögreglu undanfarna daga hefði einkum beinst að síðustu dögum Abedis. Lögregla hefði skoðað myndbönd úr eftirlitsmyndavélum og símtöl Abedis.

Alls hafa sextán verið handtekin í tengslum við árásina. Fimm hefur verið sleppt án ákæru en ellefu eru enn í haldi lögreglunnar. **– þea**

## Græða á göngu nýnasista

**NOREGUR** Nokkur hundruð Norðmenn segjast ætla að gefa eina norska krónu fyrir hvern metra sem nýnasistar í Norrænu andstöðuhreyfingunni ganga í fyrirhugaðri mótmælagöngu sinni í júlí gegn samkynhneigðum. Peningarnir verða gefnir samtökum sem styðja samkynhneigð ungmenni. Norðmennirnir vona að nýnasistar láti verða af göngunni.

Íbúar í bænum Wunsiedel í Þýskalandi fengu sams konar hugmynd árið 2014. Þá gengu nýnasistar til heiðurs Rudolf Hess, staðgengli Hitlers. **– ibs**

**LEIÐRÉTTING**

*Í frétt í blaðinu í gær um byggðaverkefni á Þingeyri sagði að þorpið væri í Ísafjarðardjúpi. Hið rétta er að Þingeyri er í Dýrafirði.*

# Hefur áhyggjur af réttindum starfsmanna Ríkisútvarpsins

**Þingmann VG grunar að verktökum hjá RÚV hafi fjölgað undanfarið. Nauðsynlegt sé að ríkið sýni gott fordæmi á vinnumarkaði. Menntamálaráðuneytið hefur ítrekað spurst fyrir um málið án þess að fá svör.**

**KJARAMÁL** „Mér finnst að stofnun eins og Ríkisútvarpið, flaggskip íslenskrar menningar, beri að vera með svona hluti á hreinu. Hagræðingarkrafa eða rekstrartölur mega aldrei verða til þess að það sé gengið á réttindi starfsmanna,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG.

Hann hefur í tvo mánuði beðið eftir upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðherra um fjölda starfsmanna á verktakasamningi við RÚV. „Maður hefur heyrt það að verktakar séu í auknum mæli að sinna starfinu og ekki bara að taka þátt og þátt, heldur séu að sinna fullri starfsskyldu en séu ekki fastráðnir starfsmenn heldur verktakar,“ segir Kolbeinn við Fréttablaðið. Þá vill hann líka vita hversu langan tíma það tekur hjá starfsmönnum stofnunarinnar að fá fastráðningu. „Af því að það eru ákveðin réttindi sem fylgja því,“ bætir Kolbeinn við.

Á þingfundi í fyrradag sakaði Kolbeinn ráðherra menningarmála, Kristján Þór Júlíusson, um að víkja sér undan því að svara fyrirspurninni vegna þess að hún væri óþægileg. Fréttablaðið hefur aftur á móti þær upplýsingar frá ráðuneytinu að ítrekað hafi verið óskað eftir svörum frá Ríkisútvarpinu. Svör við fyrirspurninni hafi hins vegar dregist vegna þess að tímafrekt sé að kalla fram umbeðnar upplýsingar.

Kolbeinn hefur hins vegar ítrekað sagt að það hljóti að vera hægt að svara þessari upplýsingu greiðlega. „Ég get ekki ímyndað mér annað en að það sé mjög auðvelt að svara þessari spurningu fyrir starfsmannahald RÚV. Það er ekki verið að biðja um neina greiningu, bara tölulegar staðreyndir,“ segir hann.




Kolbeinn Proppé spurðist fyrir um starfsmannahald RÚV, en það hefur tekið langan tíma að fá svör. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Maður hefur heyrt það að verktakar séu í auknum mæli að sinna starfinu.
>
> Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG



Kolbeinn óttast að sé verktakasamningum að fjölga hjá RÚV sé stofnunin að fara á svig við kjarasamninga og launataxta. „Ef þú ert ráðinn inn sem verktaki þá eru það bara samningar milli þín og verkkaupans,“ segir Kolbeinn og bætir við að þar með njóti starfsmaðurinn ekki lengur þeirra réttinda sem fylgir því að vera launþegi. „Mér finnst ótækt að þetta viðgangist hjá ríkisstofnun, jafnvel þótt hún sé opinbert hlutafélag,“ segir Kolbeinn. Ríkið eigi að ganga á undan með góðu fordæmi í vinnumarkaðsmálum og hvað varðar réttindi starfsmanna.

jonhakon@frettabladid.is




30 GB
fylgja
öllum
símum
hjá
Nova!
Sumartilboð: Farsímum hjá Nova fylgir
30 GB netnotkun, gildir í 3 mánuði
innanlands í áskrift og frelsi.
Stærsti
skemmtistaður
í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi
og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is



Kínverjar greiða um 180 þúsund krónur fyrir kílóið af sæbjúgum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR

## Margfaldi útflutning sjávarafurða

**NOREGUR** Sjálfstæða rannsóknastofnunin Sintef segir í skýrslu sinni að Norðmenn þurfi að grípa til 50 aðgerða til að margfalda útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða. Þeir þurfi að veiða og flytja út nýjar tegundir.

Sjávarútvegsráðherra Noregs, Per Sandberg, segir að aukinn útflutningur á sjávarafurðum geti bætt Norðmönnum upp minni útflutning á olíu. Ráðherrann vill að Norðmenn veiði meira á djúpsjávarmiðum og flytji einnig út þang og þara. Hann greinir frá því að þegar hann hafi verið í Kína á dögunum hafi Kínverjar verið hissa á að Norðmenn veiddu ekki sæbjúgu. Þeir borgi 15 þúsund norskar krónur fyrir kílóið eða um 180 þúsund íslenskar krónur. – **ibs**

## Hinn vélræni armur laganna




Fyrsta starfhæfa lögregluvélmenni heims stendur vörð um fallbyssu í Dúbaí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Skotið er af fallbyssunni við sólsetur til þess að tilkynna lok föstunnar dag hvern, en föstumánuðurinn ramadan er nú haldinn hátíðlegur á meðal múslima. Vélmennið, sem kallast Robocop, var kynnt til sögunnar í síðustu viku. Það talar sex tungumál og getur lesið í svipbrigði borgara, löghlýðinna sem glæpamanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Leki úr nefndinni sagður óheppilegur fyrir Alþingi

**ALÞINGI** Ganga þarf úr skugga um að það hafi ekki verið nefndarmenn í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem létu fjölmiðlum í té upplýsingar um mat á hæfni umsækjenda um dómarastarf í Landsrétti. Þetta segir Njáll Trausti Friðbertsson, framsögumaður í nefndinni. Hann segir á þessari stundu þó ekkert gefa sérstakt tilefni til að ætla að gögnin, sem birt voru í fjölmiðlum í fyrrakvöld, hafi borist úr nefndinni.

Njáll Trausti segist þó ekki hafa myndað sér skoðun á því hvort fram eigi að fara rannsókn á lekanum. „Ég myndi vilja ræða það nánar inni í stjórnskipunar og eftirlitsnefndinni,“ segir hann. Þessi leki sé mjög óheppilegur og alvarlegur. „Þetta hlýtur að teljast mjög óheppilegt fyrir Alþingi að svona lagað gerist þar sem við erum að fara með persónuupplýsingar og förum mjög gætilega með þær. Við tókum gögn á fundinum, höfðu þau hjá sér og síðan tókum við þau til baka,“ segir hann. – **jhh**

> Við erum að fara með persónuupplýsingar og förum mjög gætilega með þær.



Njáll Trausti Friðbertsson, fulltrúi Sjálfstæðismanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd




Hrafnhildur Bridde löggiltur fasteignasali s: 821 4400

ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • ÞINN HAGUR

HB FASTEIGNIR

Ármúli 6 • 108 Reykjavík

FELLSMÚLI 13 , 108 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI KL. 17 - 17:30

Laus !

Falleg og rúmgóð 4-5 herb., 116,9 fm íbúð á 1.hæð.

Baðherbergi og eldhús hefur verið endurnýjað.
Mjög rúmgóð stofa með svölum til suðvesturs.
Þrjú svefnherb. en möguleiki á því fjórða.
Parket og flísar á gólfum.

Stutt í verslun, skóla og aðra þjónustu.

Verð 47,7 millj.





# Nýr reiðvegur fullur af gleri og postulíni

Mikil mistök voru gerð við lagningu nýs reiðvegar við Kjarnaskóg. Gler og postulín í miklu magni að finna í jarðveginum. Stórhættulegt að mati framkvæmdastjóra hestamannafélags. Sviðsstjóri Akureyrar segir málið til skammar.

**AKUREYRI** Alvarleg mistök áttu sér stað við lagningu nýs reiðvegar sunnan við golfvöll Akureyringa í vor. Jarðvegur sem notaður var í veginn er mjög mengaður af alls konar postulíni og glerrusli sem er stórhættulegt bæði mönnum og dýrum sem eiga leið um veginn. Sviðstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar segir þetta hræðileg mistök og að rík áhersla sé lögð á að verktaki skipti út jarðveginum.

„Þetta eru hrikaleg mistök sem hafa átt sér stað við gerð reiðvegarins og bæði mönnum og dýrum stendur ógn af þessum vegi,“ segir Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis á Akureyri. Reiðvegurinn sem um ræðir tengir hesthúsahverfi hestamanna á Akureyri við náttúruperluna Eyjafjörð og er fjölfarinn alla daga.

„Þarna hefur verið að koma upp glerrusl og postulín sem er stórhættulegt. Efnið virðist hafa verið tekið úr eldgömlum ruslahaug því þarna hafa komið upp Valash glerflöskur sem hætt var að framleiða í kringum 1970 að mig minnir. Við höfum verið í sambandi við Akureyrarbæ og þeir hafa viðurkennt að þarna hefur bara orðið slys við framkvæmdina og þeir ætla að bæta úr þessu. Það er ánægjulegt,“ bætir Sigfús við.

Guðríður Friðriksdóttir, sviðstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar, segir vinnu vera hafna við að bæta úr þessu. „Þetta er til skammar og við leggjum mikla áherslu á að úr þessu sé bætt. Verktakar sem unnu verkið eru að vinna að því að skipta út þessum jarðvegi. Þetta er ekki boðlegt eins og þetta var,“ segir Guðríður. „Við höfum tekið á þessu og munum fylgja þessu eftir.“

Þegar blaðamaður kannaði aðstæður í gær mátti sjá mikið af gömlum glerflöskum, ampúlum og postulíni í vegöxlum beggja vegna. Ljúka á við lagfæringar á veginum á næstu dögum en bæði gangandi og ríðandi vegfarendur fara um veginn dagsdaglega. **sveinn@frettabladid.is**



Gríðarlegt magn af gleri er að finna í jarðveginum sem nýttur var í reiðveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN



Glerflöskur sem hætt var að framleiða upp úr miðri síðustu öld koma í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

# TAX FREE DAGAR

# ENN BETRA VERÐ!

## ÖLL REIÐHJÓL OG HJÓLAAUKAHLUTIR

ÁN VIRÐISAUKASKATTS* DAGANA 1.-5. JÚNÍ

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS



Cross
20"Alissa
**28.223**
verð áður
34.999

Cross gæða hjól hafa verið framleidd í Búlgaríu síðan 1995. Cross framleiðir 280 þúsund hjól á ári. Stærstu viðskiptavinir Cross eru í Þýskalandi, Hollandi, Austurríki og að sjálfsögðu Íslandi ásamt öðrum löndum. Cross er með mjög háar kröfur í smíði á sínum hjólum og notar aðeins íhluti frá vel þekktum merkjum t.d. SHIMANO, SRAM, SCHWALBE, KENDA, SELLE ITALIA og fleiri. Öll Cross hjól eru með innbrendum lit, hand límdum hágæða skreytingum og glæru yfir. Cross starfar eftir ISO 9001 stöðlum.

Cross
20" Speedster
**28.223**
verð áður
34.999



Cross
24" Alissa
**30.642**
verð áður
37.999



Cross
24" Speedster
**30.642**
verð áður
37.999



Cross
26" Speedster
**32.255**
verð áður
39.999



28" Creon Devon
**40.139**
verð áður
49.999



28" Creon Tampa
**40.319**
verð áður
49.999



FRÍ HEIMSENDING

SIXSIXONE
Hjálmur
**5.563**
verð áður
6.899



PAW PATROL
16" Hvolpasveitin
**22.578**
verð áður
27.999



FRÍ YFIRFERÐ & ÁSTANDSSKOÐUN**

ÞJÓNUSTA & GÆÐI



Slime vörurnar fást einungis í Smáralind, Skeifu og Garðabæ.

**Slime smart tube**
Slime þéttiefni og slöngur með þéttiefni, getur stoppað leka í allt að 3 mm gati. Þéttiefnið er bæði hægt að nota fyrirbyggjandi og til viðgerða.

Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifu og á hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum. Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu.
** Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá viðurkenndum fagaðila.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Evrópuþingmenn stinga fé til skrifstofuhalds í eigin vasa

**EVRÓPUMÁL** Hver þingmaður á Evrópuþinginu fær sem samsvarar um 483 þúsund íslenskum krónum skattfrjálst á mánuði til að halda skrifstofu í heimalandi sínu. Hópur rannsóknarblaðamanna frá Evrópusambandslöndunum hefur nú sýnt fram á að margar þessara heimaskrifstofa eru í rauninni ekki til. Um sé að ræða svokallaðar draugaskrifstofur.

Fénu á að verja til almennra útgjalda eins og til dæmis símreikninga, kostnaðar vegna tölvubúnaðar og síma auk annars sem þingmenn á Evrópuþinginu þurfa í daglegu starfi sínu, að því er greint er frá í Sænska dagblaðinu.

Stór hópur þingmannanna, sem eru 751 talsins, greiðir sínum eigin stjórnmálaflokki peningana, sem er klárt brot á reglunum, eða stingur þeim í vasann. Í sumum tilfellum voru heimilisföng skrifstofanna, sem stjórnmálamennirnir gáfu upp þegar rannsóknarblaðamennirnir leituðu svara, ekki til.

Þingmenn á Evrópuþinginu hafa sent féð sem á að fara til skrifstofuhalds til eiginkvenna sinna, barna og annarra ættingja í heimalöndum sínum. Starfsmenn Evrópuþingsins, sem ekki vilja koma fram undir nafni, segja að margir þingmannanna líti á féð til skrifstofuhalds sem bónusgreiðslu.

Marine Le Pen, fyrrverandi forsetaframbjóðandi í Frakklandi, er sökuð um að hafa styrkt flokk sinn, National Front, með fénu.



Nigel Farage, þingmaður á Evrópuþinginu, er sakaður um að hafa stungið sem nemur 2,3 milljónum króna í eigin vasa af fé sem átti að fara til heimaskrifstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

» Hópur rannsóknarblaðamanna hefur sýnt fram á að fé til skrifstofuhalds Evrópuþingmanna fer oftar en ekki í eitthvað allt annað.

Breski stjórnmálamaðurinn Nigel Farage var nýlega sakaður um að hafa stungið sem nemur um 2,3 milljónum íslenskra króna af heimaskrifstofufénu í eigin vasa. Hann svaraði, og það réttilega, að honum væri ekki skylt að gera grein fyrir útgjöldunum. Evrópuþingið krefst ekki kvittana fyrir þeim.

Sumir sænskir þingmenn á Evrópuþinginu kváðust aðspurðir hafa notað fé til kaupa á kaffi og ávöxtum fyrir skrifstofuna, til ferða og gistingar auk annars. Aðeins þingmenn umhverfisflokksins hafa það sem stefnu að framvísa kvittunum og skila fé sem ekki hefur verið notað.

Krafist hefur verið meira gagnsæis en þingmenn hafa verið andvígir því. Síðast nú í apríl höfnuðu þingmenn því í atkvæðagreiðslu að þeir gerðu grein fyrir útgjöldunum. – ibs




## Segir árásina heigulshátt

**AFGANISTAN** Sprengjuárás sem felldi að minnsta kosti níutíu í Kabúl, höfuðborg Afganistans, var merki um heigulshátt. Þetta sagði Ashraf Ghani, forseti landsins, í gær. Um fjögur hundruð særðust í árásinni.

Engin samtök hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni og hafa talibanar þvertekið fyrir að hafa staðið að henni. Nýverið hafa bæði talibanar og hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki gert sprengjuárásir á borgina.

Flestir þeirra sem fórust í árás gærdagsins voru afganskir ríkisborgarar en í ljósi staðsetningar voru útlendingar einnig á meðal fórnarlamba. Særðist til að mynda fjöldi starfsfólks þýska sendiráðsins. – þea

STJÓRNSTÖÐ FERÐAMÁLA

REKSTRARLEG AFKOMA RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA AF FERÐAÞJÓNUSTU

Opinn kynningarfundur
Föstudaginn 2. júní 2017
Klukkan 13.00 – 15.00
Grand Hótel Reykjavík

Stjórnstöð ferðamála auglýsir opinn kynningarfund þar sem niðurstöður greininga Deloitte á beinum tekjum og kostnaði ríkis og sveitarfélaga af ferðaþjónustu verða kynntar.

Þá munu ráðgjafar Deloitte kynna aðferðafræði við að greina óbein og afleidd áhrif atvinnugreina á ríki og sveitarfélög.

DAGSKRÁ

ÁVARP
Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála

KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM
Björn Ingi Victorsson og Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir, Deloitte

ÓBEIN OG AFLEIDD ÁHRIF FERÐAÞJÓNUSTUNNAR MÆLD
Majbritt Skov, Deloitte

PALLBORÐSUMRÆÐUR

Skráning á fundinn fer fram á stjornstodin@stjornstodin.is

Fundurinn verður sendur út á netinu. Slóðin verður birt á vefsíðu Stjórnstöðvar ferðamála www.stjornstodin.is áður en fundur hefst.

Stjórnstöð ferðamála Deloitte.

# Stórbruni er bátasmiðja brann til kaldra kola

**Iðnaðarhúsnæði sem hýsti bátasmiðjuna Seig á Akureyri brann til grunna í fyrrinótt. Fimmtán slökkviliðsmenn tóku þátt í slökkvistarfi. Tjónið er metið á hundruð milljóna króna. Eldur kom einnig upp í húsinu í janúar síðastliðnum.**

**BRUNI** Bátasmiðjan Seigur á Akureyri brann til kaldra kola í fyrrinótt og er tjónið líklega upp á hundruð milljóna króna. Húsnæðið, sem er um tvö þúsund fermetrar að stærð, er ónýtt ásamt öllu sem inni í því var.

Slökkviliði Akureyrar barst tilkynning um eld í bátasmiðjunni klukkan 00.39 aðfaranótt miðvikudagsins. Þegar ljóst var að um stórbruna var að ræða voru allar vaktir ræstar hjá slökkviliðinu og fenginn liðsauki frá slökkviliðinu á Akureyrarflugvelli.

Aðeins sextán mínútur liðu frá því fyrsta útkall barst þar til allar aukavaktir voru komnar út úr húsi til að ráða niðurlögum eldsins.

Að sögn Ólafs Stefánssonar, slökkviliðsstjóra á Akureyri, tókst vel að ná tökum á aðstæðum þótt húsið hafi orðið alelda mjög fljótt. Líkur benda því til þess að eldur hafi logað í húsinu í töluverðan tíma áður en hans varð vart.

„Við áttum í töluverðum erfiðleikum þar sem þakið hafði fallið niður og lokað leið okkar að eldinum sjálfum. Síðar um nóttina fengum við krabbakló frá Hringrás sem gerði okkur auðveldara um vik að rjúfa þakið og komast að eldinum,“ segir Ólafur. „Þegar mest lét voru 15 einstaklingar að störfum frá okkur um nóttina auk lögreglu sem lokaði svæðið af. Við nýttum allan okkar bílaflota, þar með talið gamla dælubíla, til að eiga við þetta.“



Húsið er gjörónýtt eins þessi drónamynd sýnir. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„ Við áttum í töluverðum erfiðleikum þar sem þakið hafði fallið niður og lokað leið okkar að eldinum sjálfum.

Ólafur Stefánsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri

Þetta er ekki í fyrsta skipti á árinu sem eldur kemur upp í húsinu. Í janúar kom einnig upp eldur á sama stað. „Þá varð sjálfsíkveikja í tusku sem olli nokkrum skemmdum á húsinu.“

Bátasmiðjan Seigur hét áður bátasmiðjan Seigla. Það fyrirtæki var tekið til gjaldþrotaskipta síðastliðið haust. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir blaðamanns náðist ekki í forsvarsmenn fyrirtækisins við vinnslu fréttarinnar. sveinn@frettabladid.is

# Ber að laga mismunun lesbía

**SAMFÉLAG** Þingsályktunartillaga þess efnis að tryggja verði jafnræði með foreldrum í skráningu hjá Þjóðskrá var samþykkt á Alþingi í gær. Með henni er dómsmálaráðherra falið að setja reglugerð þar sem „afnumin verði sú mismunun sem á sér stað gagnvart mæðrum í samkynja hjúskap eða sambúð“.

Fréttablaðið greindi ítarlega frá mismununinni í september 2015. Þá kom fram að öllum lesbískum mæðrum bæri skylda til að skila inn vottorði til Þjóðskrár, þess efnis að barn þeirra væri getið með gjafasæði. Hið sama gilti ekki um gagnkynhneigð pör þar sem barn væri getið með gjafasæði. Kona í sambúð eða hjónabandi með konu, sem ól barn, var ekki sjálfkrafa skráð móðir barns ólíkt því sem tíðkaðist í gagnkynhneigðum hjónaböndum. Væri barn getið með öðrum hætti en með gjafasæði hjá heilbrigðisstofnun er gerð krafa um að barn sé feðrað.



Dómsmálaráðherra er falið að breyta reglugerð svo að lesbískar mæður þurfi ekki að ráðast í óþarfa skriffinnsku lengur. NORDICPHOTOS/AFP

Þá sagði Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, að stofnunin vildi gjarnan að reglunum væri breytt en til þess þyrfti breytingu á barnalögum. Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir að Þjóðskrá hafi ekki sýnt neina tilburði til að breyta verklagi sínu. Ekki verði fallist á þau sjónarmið sem haldið hefur verið fram af hálfu stofnunarinnar. – snæ




## 4G net fyrir farsímann og bústaðinn

Með Endalaus 15 GB farsímaleiðinni hringja allir endalaust og þú getur bætt við aukakorti fyrir 4G búnaðinn sem samnýtir gagnamagnið.

| Endalaus 15 GB | Krakkakort 1 GB | Fjölskyldukort Samnýtt gagnamagn | 4G Gagnakort Samnýtt gagnamagn |
|---|---|---|---|
| 5.600 kr. | 0 kr. | 2.000 kr. | 600 kr.** |

Eitt verð fyrir alla fjölskylduna | 8.200 kr.

**Stækkaðu í Endalaus 30 GB eða meira og þú færð Gagnakort á 0 kr.
*Verð miðast við 6 mánaða samning í farsímaáskrift eða netpakka með 10 GB gagnamagni eða meira

## 4G MiFi

Lítið og nett tæki sem býr til þráðlaust net fyrir allt að 10 tæki í einu.

**TILBOÐSVERÐ**
4.990 kr.*
Fullt verð: 15.990 kr.

## 4G beinir

Stingur í samband við rafmagn og þá er komið þráðlaust net fyrir allt að 32 tæki.

**TILBOÐSVERÐ**
9.990 kr.*
Fullt verð: 25.990 kr.

Kynntu þér málið nánar á **siminn.is** og í verslunum Símans

# Parísarsamkomulagið er sagt í hættu

**Donald Trump er sagður vilja draga Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu. Evrópa býst við að leiða baráttuna gegn loftslagsbreytingum. Framkvæmdastjóri SÞ segir málið vandamál allra. Óljóst er hvernig Bandaríkin gætu dregið sig út úr samkomulaginu.**



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, vill draga Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu. NORDICPHOTOS/AFP

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, mun á næstu dögum draga Bandaríkin út úr samkomulagi 195 ríkja um aðgerðir í loftslagsmálum, svokölluðu Parísarsamkomulagi. Þetta fullyrða allnokkrir bandarískir fjölmiðlar og vitna í ónafngreinda heimildarmenn innan ríkisstjórnar Trumps.

Samkomulagið var undirritað árið 2015 og var það í fyrsta sinn sem svo stór hluti heimsbyggðarinnar sameinaðist í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Alls samþykktu 195 af 197 ríkjum Sameinuðu þjóðanna samkomulagið. Sýrland og Níkaragva stóðu ein utan þess.

Bandaríkin eru það ríki heims sem blæs út næstmestu magni gróðurhúsalofttegunda. Eru þau því einungis eftirbátur Kínverja. Því er ljóst að riftun samkomulagsins myndi hafa veruleg áhrif.

Samkvæmt samkomulaginu skuldbinda Bandaríkin sig til þess að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 26 til 28 prósent af því sem útblásturinn var árið 2005 fyrir árið 2025.

Óttast er að væntanleg aðgerð Trumps gæti orðið til þess að fleiri ríki fari að fordæmi Bandaríkjanna eða sinni skuldbindingu sinni verr. Hins vegar hafa leiðtogar Kína, Indlands og Evrópusambandsins sagst munu virða samkomulagið jafnvel ef Trump dregur Bandaríkin út úr því.

„Félagar okkar í Afríku, Asíu og Kína vænta þess nú að Evrópa leiði þetta átak og við erum tilbúin til þess,“ sagði Maros Sefcovic, varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, við Reuters í gær.

„Samkomulagið fellur ekki saman ef ríki dregur sig út úr því,“ sagði Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, í viðtali við BBC. Hann sagði þó að mikilvægt væri að Bandaríkin væru áfram hluti af umræðunni þar sem loftslagsbreytingar væru vandi allra.

„En ef eitt ríki dregur sig úr þá er það meiri ástæða fyrir öll hin til að sameinast og ganga úr skugga um að markmið Parísarsamkomulagsins verði uppfyllt,“ sagði Guterres enn fremur.

Óljóst er með hvaða hætti ríkisstjórn Trumps gæti dregið sig út úr Parísarsamkomulaginu. Þessu heldur Paul Rincon, greinandi hjá BBC, fram. Samkvæmt ákvæðum samkomulagsins tekur fjögur ár að draga sig út úr því en með því að draga sig úr rammasamningi SÞ um loftslagsbreytingar gætu Bandaríkin losnað á einu ári.

Trump hefur verið einarður andstæðingur samkomulagsins allt frá því í kosningabaráttunni. Hefur hann til að mynda sagt að loftslagsbreytingar væru gabb. Þá hét hann því í kosningabaráttunni að draga Bandaríkin út úr samkomulaginu. Það væri slæmt fyrir bandarískt viðskiptalíf og ylli því að erlendir embættismenn gætu haft of mikil áhrif á bandarískt samfélag.

„Ég mun tilkynna um ákvörðun mína er varðar Parísarsamkomulagið á næstu dögum. GERUM BANDARÍKIN FRÁBÆR Á NÝ,“ tísti forsetinn í gær. **thorgnyr@frettabladid.is**

> **Samkomulagið fellur ekki saman ef ríki dregur sig út úr því.**
>
> Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna








Tekjur Bláa lónsins jukust um 43 prósent í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bláa lónið verður opið fram yfir miðnætti

Opnunartími Bláa lónsins hefur verið lengdur til hálf tólf á kvöldin og síðar í sumar verður opið til hálf eitt að nóttu. Þetta staðfestir Már Másson, yfirmaður markaðsmála hjá Bláa lóninu.

„Frá og með 26. maí og til júníloka er opið til hálf tólf á kvöldin og frá 30. júní til ágústloka verður opið frá sjö til hálf eitt að nóttu. Þá er selt ofan í lónið til klukkan ellefu á kvöldin en gestir þurfa að vera komnir upp úr klukkan hálf eitt,“ segir Már.

„Það er mikil eftirspurn hjá viðskiptavinum okkar og til dæmis erum við snemma á morgnana að koma til móts við fólk sem er að fljúga svo áfram og er einungis í stoppi fram yfir hádegi. Yfir hásumarið eru svo margir sem vilja nýta björt sumarkvöldin. Það er ekki sama verðlagningin yfir allan daginn og fer hún eftir eftirspurn á hverjum tíma.“

Fjöldi heimsókna í Bláa lónið fór í fyrra í fyrsta sinn yfir eina milljón, eins og kom fram Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, í gær. Samtals sóttu þá 1.122 þúsund gestir lónið og fjölgaði þeim um liðlega tvö hundruð þúsund milli ára. Tekjur af sölu í lónið námu 45 milljónum evra, rúmum sex milljörðum króna miðað við meðalgengi evru í fyrra, og greiddu gestir því rúmlega 16 milljónir að meðaltali á dag í aðgangseyri í fyrra. – **hg**









Skemmtiferðaskipið Ocean Diamond siglir alls átta sinnum hringinn í kringum landið í sumar. MYND/ICELAND PROCRUISES

# Raufarhafnarbúar taka á móti sínu fyrsta skemmtiferðaskipi

**Skemmtiferðaskip sigla í auknum mæli með erlenda ferðamenn á minni hafnir og skapa þeim nýjar tekjur. Íbúafundur verður haldinn á Raufarhöfn vegna komu Ocean Diamond en fólksfjöldi í þorpinu mun þá rúmlega tvöfaldast.**

„Það er rétt að við erum búin að bóka skipið en ég veit ekki til þess að það hafi gerst áður að hingað hafi komið skemmtiferðaskip,“ segir Silja Jóhannesdóttir, verkefnastjóri byggðaeflingarverkefnisins „Raufarhöfn og framtíðin“, um áætlaða komu skemmtiferðaskipsins Ocean Diamond til þorpsins þann 8. júní.

Silja hefur boðað til íbúafundar á Raufarhöfn næsta þriðjudag þar sem fjallað verður um komu skipsins. Um 180 manns búa á Raufarhöfn en Ocean Diamond er með um 100 manna áhöfn og getur tekið rétt um 200 farþega. Það er 124 metra langt, skráð á Bahamaeyjum og stoppar í þorpinu í einn dag. Íslenska fyrirtækið Iceland ProCruises leigir skipið yfir sumartímann og siglir því hringinn í kringum landið, og einnig til Grænlands, með erlenda ferðamenn og þá aðallega Bandaríkjamenn og Þjóðverja.

„Við settum af stað verkefni í fyrra sem miðaði að því að fá skemmtiferðaskip til Raufarhafnar. Það merkilega við þetta er að markaðssetning okkar er ekki farin af stað og þetta skip kom eftir tvo fundi með yfirsamtökum þeirra sem taka á móti skemmtiferðaskipum hér á landi,“ segir Silja.

Samtökin sem Silja vísar til heita Cruise Iceland og innan þeirra eru sextán hafnir sem taka á móti skemmtiferðaskipum.

Pétur Ólafsson, stjórnarformaður Cruise Iceland og hafnarstjóri hjá Hafnarsamlagi Norðurlands á Akureyri, segir útlit fyrir að farþegum skemmtiferðaskipa sem hingað koma muni fjölga um 25-30 prósent í sumar miðað við árið í fyrra. Skipin séu í auknum mæli farin að sigla á smærri hafnir og nefnir hann meðal annars Grímsey og Hrísey.

„Það er búið að bóka skip til Hríseyjar á næsta ári og það er skip sem tekur um 250 farþega. Þar er búið að bóka tvær komur og það er mikil aukning í komum þessara leiðangursskipa sem sigla á margar hafnir. Þetta hefur verið mikil búbót fyrir litlu hafnirnar þar sem er kannski lítið um að vera. Hafnarmannvirkin eru aftur á móti til staðar og skipin greiða hafnargjöld sem eru töluvert há og sérstaklega þegar þau geta lagst upp að bryggju,“ segir Pétur og heldur áfram:

„Samtals eru komurnar í ár um 486 á allar hafnir. Þar eru auðvitað sum skip að fara inn á nokkrar hafnir en þetta eru um 60-70 skip sem koma hingað til lands í ár. Reykjavík, Akureyri og Ísafjörður eru með vinsælustu hafnirnar.

Á Akureyri munu verða 122 komur í sumar en þær voru 92 í fyrra. Oft er talað um að þessir farþegar eyði ekki neinu hér á landi en við erum með rannsóknir sem sýna að farþegar sem koma inn á hafnir á Norðurlandi einu skila þjóðhagslegum tekjum upp á rúma tvo milljarða króna,“ segir Pétur.



Síðustu ár hafa tæplega 200 manns búið á Raufarhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það merkilega við þetta er að markaðssetning okkar er ekki farin af stað og þetta skip kom eftir tvo fundi með yfirsamtökum þeirra sem taka á móti skemmtiferðaskipum hér á landi.



Silja Jóhannesdóttir, verkefnastjóri byggðaeflingarverkefnisins Raufarhöfn og framtíðin

haraldur@frettabladid.is




ORIGINS

## ORIGINS KYNNINGARDAGAR Í HAGKAUP KRINGLUNNI OG HAGKAUP SMÁRALIND DAGANA 1. - 5. JÚNÍ.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ORIGINS VÖRUM OG SMART TASKA FYLGIR* EF KEYPTAR ERU TVÆR EÐA FLEIRI VÖRUR FRÁ ORIGINS.

*Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




**OPIÐ TIL 24 Í KVÖLD**

# SMÁRALIND

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| MODUS hár og snyrtistofa<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum í verslun | DÝRABÆR<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | LINDEX<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | A4<br>25%<br>afsláttur af öllum ferðavörum<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | Dressmann<br>25%<br>afsláttur af öllum vörum |
| XL Dressmann<br>25%<br>afsláttur af öllum vörum | XO FUN · FAST · FUSION<br>20%<br>afsláttur af öllum flatbökum | World Class ICELAND<br>20%<br>afsláttur af FACE, BODY, HOME Laugar Spa vörum<br>Gildir ekki með öðrum tilboðum | Kaupfélagið<br>20%<br>afsláttur af öllum skóm | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN<br>20%<br>afsláttur af öllum skóm |
| AIR<br>20%<br>afsláttur af öllum skóm og fatnaði | SKECHERS<br>20%<br>afsláttur af öllum skóm | JOE & THE JUICE<br>15%<br>afsláttur af öllum réttum á matseðli | VERO MODA<br>10%<br>afsláttur af öllum vörum | JACK & JONES<br>10%<br>afsláttur af öllum vörum |
| SELECTED FEMME / HOMME<br>10%<br>afsláttur af öllum vörum | name it<br>10%<br>afsláttur af öllum vörum | VILA CLOTHES<br>10%<br>afsláttur af öllum vörum | iglo+indi<br>1 flík 20% afsláttur<br>2 flíkur 25% afsláttur<br>3+ flíkur 30% afsláttur<br>Fyrstu 50 sem versla fá frítt sokkapar | herra GARÐURINN -klæðir þig vel<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum |
| Superdry.<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | gs skór<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | PANDORA<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum ásamt fleiri tilboðum | Levi's<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | BOSSANOVA<br>15%<br>afsláttur af öllum skóm |

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

## TILBOÐIN GILDA Í ALLAN DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# OPIÐ TIL 24 Í KVÖLD

**Jens**
20%
afsláttur af Uppsteyt og ARZ steel skartgripum

**Síminn**
20%
afsláttur af öllum farsímaaukahlutum
Parrot ZIK 3 heyrnartól á 37.900 kr. í stað 49.990 kr.

**THE BODY SHOP**
25%
afsláttur af verði allra vörutegunda

**vodafone**
20%
afsláttur af Vodafone símtækjum (hulstur fylgir) og spjaldtölvum
10%
afsláttur af hátölurum og heyrnartólum

**EPLI**
20%
afsláttur af öllum iPhone hulstrum, Libratone Too og Libratone One Click hátalara + ZO-ON bakpoki fylgir með

**SPRINGFIELD**
25%
afsláttur af öllum vörum

**CORTEFIEL**
25%
afsláttur af öllum vörum

**women'secret**
PRETTY COMFORTABLE & SEXY
25%
afsláttur af öllum vörum

**ESPRIT**
20%
afsláttur af öllum vörum

**DÚKA**
10%
afsláttur af húsgögnum og gólfmottum
20%
afsláttur af öllum öðrum vörum

**Líf&List**
SMÁRALIND
20%
afsláttur af öllum glösum og grillvörum
10%
afsláttur af öllum öðrum vörum

**SMÁRA TÍVOLÍ**
25%
afsláttur af 1,5 klst. tímakortum

**meba**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Optical Studio**
20%
afsláttur af öllum vörum
Gildir ekki af tilboðsvörum

**Blekhylki.is**
20%
afsláttur af öllum vörum

**comma,**
20%
afsláttur af öllum vörum

**MOA**
3 FYRIR 2
af öllu skarti
25-50%
afsláttur af öðrum vörum

**CINTAMANI**
30%
afsláttur af öllum vörum nema nýrri sumarvöru

**skórnir þínir**
20%
afsláttur af öllum skóm

**PLUSMINUS OPTIC**
SÓLGLER
fylgja með öllum gleraugum

**KARAKTER**
KONUR
20%
afsláttur af öllum vörum

**galleri sautján**
20%
afsláttur af öllum vörum



*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# SMÁRALIND

**NOVA**
20%
afsláttur af aukahlutum

**MAKE UP STORE**
3 FYRIR 2
af Make Up Store vörum
10%
afsláttur af My Kit Co. og Evolve Organic Beauty

**BJARKARBLÓM**
30%
afsláttur af eldliljum og krísum

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla
TAX FREE
af allri snyrtivöru
20%
afsláttur öllum F&F dömufatnaði

**SIX**
30%
afsláttur af öllum vörum

**LYFJA**
20%
afsláttur af völdum snyrtivörum, förðunarburstum, naglalökkum og sokkabuxum

**Drangey**
20%
afsláttur af öllum vörum

**CORNER**
20%
afsláttur af öllum vörum



**energia** RESTAURANT · KAFFI · BAR
1.690 KR.
Kjúklinga-baguette
1.890 KR.
BBQ kjúklingasalat

**ÚTILÍF**
20%
afsláttur af öllum vörum

**JÓN & ÓSKAR**
20%
afsláttur af öllum vörum nema 10% afsláttur af trúlofunarhringum

**LEGO Legóbúðin**
30%
afsláttur af Ninjago, Nexó og Súperpökkum

**Penninn Eymundsson**
20%
vildarafsláttur af öllum vörum

**CAFÉADESSO**
1.990 KR.
Mexico kjúklingasalat, Tempura rækjusalat, Ostborgari og fleiri réttir

**Pizza Hut**
1.890 KR.
Hlaðborð og gos

**serrano** FRESH · HAPPY · MEX
1.499 KR.
BBQ burrito eða BBQ quesadilla og 0,5 l Kristall

**Hlölla bátar**
1.290 KR.
12 tommu bátur mánaðarins og gos

**SBARRO** NYC.1956
890 KR.
Sneið að eigin vali og gosglas

# FRÁBÆR DAGSKRÁ FRÁ KL. 17

**Líf og fjör** fyrir alla fjölskylduna **á milli kl. 17 og 19**.
**Andlitsmálning** fyrir börnin og **blöðrulistamenn** gefa blöðrur.

**Lifandi tónlist** með **Friðriki Dór og Áttan** skemmtir,
frábærir **plötusnúðar og flinkir trompetspilarar.**

**Sirkus Íslands og sælkerasmakk** um allt hús,
óvæntar **uppákomur** og skuggalega flottar **kynningar**.

# Ótæk rök



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Keflavíkurflugvöllur er nú í fimmta sæti af flugvöllum í Evrópu hvað varðar fjölda flugferða til Norður-Ameríku og nálgast Schiphol í Amsterdam. Flugferðir frá Keflavík vestur um haf eru fleiri en frá öllum hinum Norðurlöndunum samanlagt.

Á sama tíma og Keflavíkurflugvöllur er í fordæmalausum vexti vill meirihluti fjárlaganefndar Alþingis hefja umræðu um einkavæðingu flugvallarins. Þetta kemur fram í áliti meirihlutans um þingsályktun um fjármálaáætlun 2018-2022 en þar segir: „Meiri hlutinn telur einnig tímabært að opna umræðu um að ríkið leiti leiða til að umbreyta því fjármagni sem bundið er í mannvirkjum í flugstöðinni í Keflavík og nota það til átaks í endurbótum samgöngumannvirkja.“

Fleiri hafa talað um einkavæðingu Keflavíkurflugvallar eða aðkomu einkaaðila að stækkun flugvallarins. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sagði á Alþingi 27. mars að það væri álitaefni hvort ríkið ætti að byggja upp Keflavíkurflugvöll með skattfé eða hvort einkaaðilar ættu að koma þar að.

Jón Gunnarsson samgönguráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 hinn 27. apríl að einkavæðing Keflavíkurflugvallar þarfnaðist skoðunar. „Mér finnst það vera mjög sterkt sjónarmið, að það sé þess virði að skoða það, hvort það sé ástæða fyrir íslenska ríkið og íslenska þjóð til að hafa bundna hér alla þá tugi milljarða sem hér liggja í fjárfestingum með þeim áhættum sem því fylgir að vera með fjárfestingar og lántökur í tengslum við það,“ sagði Jón.

Þeir milljarðar króna sem liggja bundnir í Keflavíkurflugvelli eru ekki dautt fjármagn. Þessi verðmæti gera Isavia kleift að fjármagna stækkun flugvallarins. Frá 2013 hefur Isavia fjárfest í uppbyggingu Keflavíkurflugvallar fyrir 45 milljarða króna með lánum án ríkisábyrgðar sem hafa verið veðtryggð með rekstrartekjum flugvallarins. Þannig hefur rekstur fyrirtækisins verið algjörlega sjálfbær í þeim skilningi að tekjur fyrirtækisins eru grundvöllur áframhaldandi vaxtar þess og stækkun flugvallarins án þess að ríkið komi þar að með beinum hætti.

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, sagði í Markaðnum hér í þessu blaði í gær að áhugi erlendra fjárfesta á Keflavíkurflugvelli hefði aukist að undanförnu. Ekki síst eftir umræðu um einkavæðingu flugvallarins. Hann sagði jafnframt að flugvöllurinn sjálfur gæti staðið undir eðlilegum fjárfestingum. „Ég tel að það skipti ekki máli í því sambandi hver eigi flugvöllinn því hann myndi alltaf þurfa að standa undir þeim fjárfestingum sem ráðast þarf í,“ sagði Björn Óli.

Að þessu virtu er ljóst að ummæli hvorki ráðherra ferðamála né samgönguráðherra standast skoðun. Það þarf ekkert skattfé í uppbyggingu á Leifsstöð. Fyrirtækið annast stækkunina án aðkomu skattgreiðenda og þeir fjármunir sem eru bundnir á Keflavíkurflugvelli eru grundvöllur áframhaldandi vaxtar fyrirtækisins. Af þessu leiðir að það eru ekki gild rök fyrir einkavæðingu Keflavíkurflugvallar að rekstur flugvallarins eða stækkun hans skapi áhættu fyrir skattgreiðendur.

**Að þessu virtu er ljóst að ummæli hvorki ráðherra ferðamála né samgönguráðherra standast skoðun.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óheppilegi lekinn**

**Skjal þar sem mat hæfnisnefndar á umsækjendum um stöðu dómara við Landsrétt var tíundað var birt á Kjarnanum í fyrrakvöld. Smári McCarthy, þingmaður Pírata, brást við lekanum með þeim orðum að skjalið hefði alls ekki átt að koma fyrir sjónir almennings. Lekinn væri „óheppilegur“. Þessi afstaða Smára er afar athyglisverð í ljósi þess að hann hefur sjálfur setið hinum megin við borðið, í stöðu blaðamannsins, og unnið að því að gera ýmsar upplýsingar opinberar fyrir almenning. Sömuleiðis hafa Píratar lýst þeim eindregna vilja sínum að allar upplýsingar séu uppi á borðum. Stundum tekur það óvenju stuttan tíma að verða samdauna kerfinu.**

**Vantraustið**

**En fulltrúi Pírata í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, Birgitta Jónsdóttir, boðaði vantraust á Sigríði Á. Andersen rétt fyrir þinglok í gær vegna málsins. Nefndin hefur enda setið á maraþonfundum vegna ákvörðunar Sigríðar um að sneiða hjá hæfnisnefnd dómara. Birgitta hefur nokkuð til síns máls um að það sé ólíðandi að varpa vantrausti á nýtt dómstig strax á frumstigi. Millidómstigið hefur verið draumur margra helstu stjórnspekinga landsins um árabil. Það væri algjört klúður ef arfleifð Sigríðar yrði sú að varpa skugga á það strax í fæðingu.** snaeros@frettabladid.is

# Fyrir tíu árum



Siv Friðleifsdóttir
fv. alþingismaður

Hinn 1. júní 2007 fyrir 10 árum komu til framkvæmda ný lög sem Alþingi hafði samþykkt árinu fyrr. Með lögunum varð, til allra heilla, óheimilt að reykja á veitinga- og skemmtistöðum. Undirrituð lagði fram frumvarp um slíkt bann í febrúar 2005 sem þingmannafrumvarp og fékk viðurnefnið banndrottningin á göngum þingsins. Meðflutningsmenn voru Ásta R. Jóhannesdóttir, Jónína Bjartmarz og Þuríður Backman. Náði málið ekki fram að ganga en umræðan um það var mikilvæg og upplýsandi. Jón Kristjánsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, lagði sambærilegt mál fram í desember 2005 og þá sem stjórnarfrumvarp. Var það samþykkt á Alþingi ári seinna. Þorri þingmanna studdi málið að lokum. Þrír greiddu þó atkvæði á móti.

Talsverð barátta var í aðdraganda málsins á þessum árum milli bannsinna og hinna. Þar tókust á sjónarmið frelsis og lýðheilsu. Svipuð sjónarmið og nú takast á um hvort afleggja eigi rekstur ríkisins á áfengissölu eða ekki. Meginmarkmið banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum var að vernda starfsmenn með vísan til vinnuverndarlaga og að vernda almenning með vísan til vaxandi fjölda vísindalegra sannana fyrir heilsuskaða af óbeinum reykingum. Þarna var því um að ræða bann til verndar þriðja aðila fyrir óbeinum reykingum, þ.e. starfsmönnum og almenningi, en í minni mæli bann til verndunar þeim sem reykti.

Sömu sjónarmið eru nú uppi í andstöðunni við aukið aðgengi að áfengi og þar með neyslu. Þar ber að vernda þriðja aðila sem mest. Hér er um að ræða þá aðila sem helst mega þola neikvæðar félagslegar afleiðingar aukinnar áfengisneyslu, börnin og ungmennin. Vonandi ber okkur Íslendingum gæfa til þess að fara að ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í þessum efnum. Fyrir rúmlega 10 árum þótti ekki sjálfgefið að leggja af þann ósið að reykja á veitinga- og skemmtistöðum. Alþingi tók hins vegar rétta ákvörðun í ljósi upplýsinga um skaðsemi óbeinna reykinga. Síðan þá hefur stuðningurinn við reykleysið fest sig í sessi. Nú tíu árum seinna vill enginn ganga til baka til fyrra fyrirkomulags. Bönn til verndar lýðheilsu eru því réttmæt.

**Vonandi ber okkur Íslendingum gæfa til þess að fara að ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í þessum efnum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hágengisfjandinn

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Sagan heldur áfram að endurtaka sig. Gengi krónunnar hefur nær alltaf verið of hátt skráð ef frá eru talin þau (fjölmörgu!) skipti þegar gengið var nýfallið.

Óræk vísbending um of hátt gengi langtímum saman er sú staðreynd að Ísland er eina iðnríkið þar sem erlend viðskipti jukust engu hraðar en landsframleiðslan allan þann tíma sem mælingar ná yfir, þ.e. frá 1870. Alls staðar annars staðar jukust erlend viðskipti örar en landsframleiðslan þar eð hagkvæmt þótti að auka hlut erlendra viðskipta í efnahagslífinu eftir þeirri einföldu reglu að viðskipti borga sig. Hátt gengi krónunnar hélt aftur af útflutningi og þá einnig innflutningi. Við því brugðust menn m.a. með því að fjármagna innflutning um of með erlendri lánasláttu. Erlendar skuldir hrönnuðust upp.

Önnur vísbending um of hátt gengi er verðbólga sem var næstmest á Íslandi frá 1960 og áfram á öllu OECD-svæðinu ef Tyrkland eitt er undan skilið. Meiri verðbólga heima en erlendis hækkar raungengi krónunnar þar eð vöruverð erlendis hækkar þá minna en heima og ýtir þannig undir innflutning á vörum og þjónustu frá útlöndum líkt og ef gengi krónunnar hefði hækkað. Þriðja vísbending er þessi: Þegar gengi krónunnar hrapaði í hruninu tók útflutningur fjörkipp, einkum ferðaútvegurinn. Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi í fyrra, 2016, nam 1,8 milljónum eða fimmföldum íbúafjölda landsins. Það var aldamótaárið 2000 að ferðamannafjöldinn fór fram úr íbúafjöldanum í fyrsta sinn.

Hvers vegna er hágengi landlægt á Íslandi? Það er ekki undarlegt þegar alls er gætt. Pendúll hallar svo lengi sem vindur blæs á hann úr einni átt. Þessi líking á við um gengi krónunnar. Vandinn í sem allra stytztu máli er að sjávarútvegurinn hefur verið styrktur af skattfé svo lengi sem elztu menn muna, fyrst beint og síðan óbeint. Styrkir til útflutningsatvinnuvega auka framboð gjaldeyris og lækka þannig verð hans, þ.e. hækka gengi gjaldmiðilsins. Orkusala til erlendra kaupenda undir réttu verði og skattaívilnanir handa þeim eru ígildi útflutningsstyrks og leggjast því á sömu sveif og útvegsdekrið. Við bætist búverndarstefna sem dregur að sínu leyti úr eftirspurn eftir gjaldeyri og lækkar þannig verð hans, þ.e. hækkar gengi krónunnar. Fram að hruni lagðist þungt innstreymi erlends lánsfjár á sömu sveif svo gengið hækkaði upp úr öllu valdi áður en krónan hrundi. Öllu þessu hefur áður verið lýst í þaula.

**Ekki skemmt**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) taldi raungengi krónunnar 15% til 25% of hátt 2007, ári fyrir hrun, en sjóðnum láðist samt að vara við fyrirsjáanlegum – og fyrirséðum! – afleiðingum hágengisins, þ.e. yfirvofandi gengisfalli. Of hátt gengi fellur alltaf á endanum. Starfsmenn sjóðsins kölluðu efnahagshorfur Íslands „öfundsverðar“ í skýrslu sinni skömmu fyrir hrun. Óháðri eftirlitsskrifstofu sjóðsins sem hefur það hlutverk að blása í flautu þegar starfsmenn sjóðsins villast af réttri leið var ekki skemmt, engin yfirhylming þar.

Í skýrslu sinni í fyrra, 2016, lýsti sjóðurinn þeirri skoðun að raungengi krónunnar, þ.e. gengið eins og það kemur af skepnunni að viðbættri leiðréttingu fyrir verðlags- eða launaþróun heima og erlendis, hefði aftur verið orðið nokkurn veginn rétt 2015, þ.e. hvorki of hátt skráð né og lágt. Þá kostaði Bandaríkjadalurinn 132 krónur og evran 146 krónur. Seðlabankinn birtir nú tölur sem sýna að raungengi krónunnar hefur hækkað um 20% til 25% síðan 2015 eftir því hvort miðað er við þróun verðlags eða launa heima og erlendis. Seðlabankinn segir m.ö.o. – án þess að segja það! – að raungengið sé nú orðið 20% til 25% of hátt alveg eins og það var 2007. Nema þá brostu allir eins og önnum kafinn iðnaðarmaður rifjaði upp í blaðaviðtali um daginn.

Við höfum séð þetta allt saman áður. Fyrir hrun var genginu haldið of háu alveg eins og nú m.a. til að halda verðbólgu niðri og fjarlægjast ekki sett verðbólgumarkmið. Seðlabankinn lækkaði þá bindiskyldu til að þóknast bönkunum frekar en að hækka hana til að hemja vöxt þeirra. Hann þrætti fyrir mikinn vaxtamun sem þá eins og nú er til marks um óhagkvæmni í bankarekstri. Ísland er enn eina land álfunnar þar sem innlendir bankar þurfa ekki að keppa við erlenda banka og hegða sér því eins og fákeppnishringur.

Seðlabankinn hefur bætt ráð sitt eftir hrun þótt enn vanti mikið á. Mestu skiptir að nú hefur verið girt að nokkru leyti fyrir skyndiflæði erlends fjár inn í landið líkt og gerðist fyrir hrun. En bankanum hafa að ýmsu öðru leyti verið mislagðar hendur. Hann hefði þurft að halda genginu í skefjum með gjaldeyriskaupum frekar en að leyfa því að hækka svo sem raun er orðin á því of hátt gengi fellur alltaf á endanum eins og áður var sagt og skellurinn kemur ójafnt niður. Það þarf ekki nema einn stöndugan spákaupmann úti í heimi til að gera áhlaup á örmynt sem allir sjá að er allt of hátt skráð.

Við bætist að bankinn sýnir þess engin merki enn að hann hafi brugðizt við uppljóstrunum Kastljóss RÚV um meint lögbrot í bankanum. „Ég ætla ekki að ræða það sem við gerum í bankaráði,“ sagði einn bankaráðsmaðurinn í sjónvarpi af öðru tilefni en bankaráðinu ber lagaskylda til að fylgjast með að bankinn starfi skv. lögum. Fundargerðir bankaráðsins eru leyniskjöl.


HARÐJAXL ALLRA HARÐJAXLA ER MÆTTUR AFTUR!




„Hinn óviðjafnanlegi Reacher kveikir í blaðsíðunum.“
USA Today

„Grípandi spenna og ómótstæðilegar sögufléttur.“
Newsweek

„Snjöll og hörkuspennandi.“
New York Times

„Ómenguð afþreying ... Hann hefur skapað spennusögur 21. aldarinnar.“
Daily Mirror




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is

# Lancet-listinn og frjálshyggja



Guðmundur Edgarsson
kennari

> **Skýringin á hinu dýra og gloppótta heilbrigðiskerfi í Bandaríkjunum á því rætur að rekja til aukinnar miðstýringar og ríkisafskipta, ekki frjáls markaðar.**

Nú hamast félagshyggjufólk í landinu við að bauna því á frjálshyggjumenn að á lista Lancet yfir stöðu heilbrigðisþjónustu eftir löndum séu ríkisrekin heilbrigðiskerfi í efstu sætunum. Sérstaklega er bent á að Bandaríkin raðist mun neðar en mörg önnur vestræn ríki og að það sé til merkis um að einkarekstur í heilbrigðisþjónustu skili lakari árangri en opinber rekstur. Hvað segir frjálshyggjufólk við þessu?

**Æ meiri ríkisrekstur í Bandaríkjunum**

Þannig er að heilbrigðiskerfið í Bandaríkjunum er ekki einkarekið í neinum eðlilegum skilningi. Hlutur ríkisins í heildarkostnaði heilbrigðisþjónustunnar þar í landi er nefnilega kominn upp í 50% samkvæmt OECD. Á fyrri hluta síðustu aldar var þetta hlutfall um 20% en nú er svo komið að meðal Bandaríkjamaðurinn borgar hærri skatta til heilbrigðiskerfisins en meðal Norðurlandabúinn! Skýringin á hinu dýra og gloppótta heilbrigðiskerfi í Bandaríkjunum á því rætur að rekja til aukinnar miðstýringar og ríkisafskipta, ekki frjáls markaðar. Svo er rétt að árétta að hvergi í heiminum er að finna einkarekið heilbrigðiskerfi á markaðslegum forsendum. Hins vegar má benda á tvö önnur ríki á lista Lancet þar sem einkarekstur er umtalsverður hluti af heilbrigðiskerfinu, þ.e. lágskattaríkin Sviss og Singapúr. Bæði þessi lönd raðast mun ofar á listann, Sviss í 3. sæti og Singapúr í 21. sæti (af um 200) og í báðum ríkjunum kostar heilbrigðiskerfið mun minna en í Bandaríkjunum auk þess sem gæðin eru meiri samkvæmt Lancet.

Singapúr kemst næst því að vera með einkarekið heilbrigðiskerfi. Kostnaðarþátttaka sjúklinga er veruleg fyrir væg tilfelli og smærri aðgerðir en ríkið borgar brúsann vegna alvarlegra sjúkdóma. Þetta módel hefur skilað Singapúringum heimsklassa heilbrigðiskerfi en fyrir helmingi minni kostnað en hjá öðrum þróuðum ríkjum. Það er því langsótt að túlka Lancet-listann sem vísbendingu um ókosti einkarekinnar heilbrigðisþjónustu. Undir miðstýrðu einokunarkerfi er hætt við óhagkvæmni og löngum biðlistum. Þar sem fjölbreytni og samkeppni ríkir næst hins vegar hagkvæmasta blandan af gæðum og kostnaðaraðhaldi. Skattaparadísin Singapúr er skýrt dæmi um það.

# Að bjarga mömmu og pabba frá stafrænum móðurmálsdauða



Anton Karl Ingason
lektor í íslenskri málfræði og máltækni við HÍ

Íslendingar eru smám saman að átta sig á því að alþjóðleg framþróun í máltækni á að óbreyttu eftir að grafa undan stöðu íslenskunnar í daglegu lífi á næstu árum. Líklegt er að íslenska víki fyrir ensku í fjölmörgum hversdagslegum aðstæðum sem einkennast af nánu sambandi milli tölvutækni og mannlegs máls. Markmiðið með þessum pistli er að vekja athygli á því að máltækni er ekki síst málefni eldri borgara og benda á hvernig ungt fólk getur látið að sér kveða til að bregðast við vandanum.

Þegar ný tækni nær mikilli útbreiðslu er vanalegt að yngri kynslóðir aðlagist henni fyrst. Þegar nýtt app á borð við Snapchat eða WhatsApp slær í gegn eru það ekki eldri borgarar sem eru fyrstir til að tileinka sér nýjungarnar. Svipað mun eflaust eiga við um vöxt máltækni á næstu árum, en kynslóðamunur gæti orðið enn afdráttarlausari á þessu sviði vegna þess að máltækni snýst um mannlegt mál og hæfni til að fara út fyrir þægindaramma móðurmálsins er líka tengd yngri kynslóðum. Ef máltækni á Íslandi verður fyrst og fremst innflutt ensk máltækni mun eldri borgari framtíðarinnar þurfa að tileinka sér nýstárlega tækni á talaðri ensku til að hafa aðgang að ýmiss konar hversdagslegri þjónustu. Sumir munu gera það en aðstæðurnar gætu orðið óþægilegar fyrir aðra og jafnvel útilokandi. Jafnvel þó að fólk geti bjargað sér á ensku við einhverjar aðstæður getur því þótt annarlegt og kvíðvænlegt að móðurmálið deyi á tilteknum sviðum daglegs lífs og við taki enskumælandi vélmenni.

Afgreiðsla á skyndibitastað er starfsgrein sem mun trúlega hverfa á næstu 10-20 árum vegna þess að ódýr sjálfvirkni á örugglega eftir að ráða við það að taka niður pöntun á samloku og afgreiða hana. Máltækni verður án efa vanalegur þáttur í slíkri starfsemi. Viðskiptavinir munu geta lýst því í töluðu máli hvort þeir vilji papriku, jalapeno o.fl. með máltíðinni. Þó að það sé dýrt í upphafi að búa til máltæknilausn er ódýrt að nota hana og fyrirtæki sem reka samlokustaði munu örugglega hafa áhuga á að geta boðið upp á sömu þjónustu og áður án launakostnaðar. Án íslenskrar máltækni munu viðkomandi fyrirtæki þurfa að velja á milli þess að ráða íslenskumælandi afgreiðslufólk eða nota enska máltækni og skila meiri hagnaði. Slíkar ákvarðanir mun þurfa að taka víða og hagnaðarsjónarmið munu örugglega vega þungt í a.m.k. sumum tilvikum.

**Hvernig er hægt að bjarga pabba og mömmu?**

Ef þig grunar að foreldrar þínir muni ekki leggja í eða ráða við að tala við samlokuvélmenni á ensku í framtíðinni en vilt stuðla að því að þeir geti keypt sér skyndibita og nýtt sér hvers kyns aðra þjónustu sem mun reiða sig á máltækni innan skamms þá er rétti tíminn núna til að láta að sér kveða.

> **Ef máltækni á Íslandi verður fyrst og fremst innflutt ensk máltækni mun eldri borgari framtíðarinnar þurfa að tileinka sér nýstárlega tækni á talaðri ensku til að hafa aðgang að ýmiss konar hversdagslegri þjónustu. Sumir munu gera það en aðstæðurnar gætu orðið óþægilegar fyrir aðra og jafnvel útilokandi.**

Í fyrsta lagi er mikilvægt að halda áfram að byggja upp vitundarvakningu um að íslensk tunga þurfi máltækni til að geta lifað heilbrigðu lífi á næstu árum og áratugum. Það gerum við með því að taka þátt í umræðu um íslenska máltækni, hvort sem er á samfélagsmiðlum, í persónulegum samskiptum eða annars staðar.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að sum okkar taki beinan þátt í að byggja upp íslenska máltækni. Það er hægt að gera með því að afla sér sérfræðiþekkingar og hjálpa til við að þróa lausnir sem gera samlokuvélmennum kleift að tala íslensku. Þessu mætti fólk velta fyrir sér þegar það útskrifast úr framhaldsskóla. Háskólanám í íslenskri málfræði, tölvunarfræði eða skyldum greinum getur nefnilega verið góður kostur fyrir þá sem vilja bjarga mömmu og pabba frá stafrænum móðurmálsdauða.









# Börn án bernsku



Margrét Júlía Rafnsdóttir
verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

> **Á árinu 2015 voru meira en 75.000 börn myrt, 59 prósent þeirra voru unglingar á aldrinum 15 til 19 ára. Fyrir hvert þessara morða eru hundruð eða jafnvel þúsundir barna sem búa við ofbeldi. Að búa við ofbeldi eða ótta við ofbeldi ætti ekki að vera hluti af uppvexti neinna barna.**



Að minnsta kosti 700 milljónir barna í heiminum fá ekki að njóta bernskunnar af ýmsum ástæðum og eru í raun svift því að fá að vera börn og um leið þeim réttindum sem því fylgja. Því má segja að bernskan sé hrifsuð af þeim.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Barnaheilla – Save the Children er nefnist Stolen Childhood. Þar eru reifaðar helstu ástæður þess að börn njóta ekki bernskunnar og lögð áhersla á mikilvægi þess að alþjóðasamfélagið bregðist við. Samtökin munu árlega héðan í frá gefa út skýrslu um málefnið.

Meginástæður þess að börn fá ekki að njóta bernsku sinnar eru vannæring, slæm heilsa og skortur á heilsuvernd, þau búa við stríðsátök, ofbeldi, eða barnaþrælkun, fá ekki að ganga í skóla, eru látin giftast á barnsaldri og þunganir ungra stúlkna. Þessir þættir hafa afdrifarík áhrif á velferð barnanna, ekki einungis þegar þau eru börn heldur alla ævi. Þeir eru því árás á framtíð þeirra.

Í bernsku eiga börn að njóta öryggis og verndar, þau eiga að fá að ganga í skóla og leika sér. Þau eiga að njóta ástar, umhyggju og stuðnings þeirra fullorðnu svo þau geti þroskast og nýtt hæfileika sína.

Í hartnær heila öld, eða frá stofnun samtakanna árið 1919, hafa Save the Children barist gegn fátækt og mismunun barna. Nú vilja samtökin enn frekar beina sjónum sínum að aðstæðum þeirra barna sem búa við þá mismunun að fá ekki að njóta bernsku sinnar. Það er um fjórðungur barna heimsins.

Stór hluti þessara barna býr í þróunarlöndum og býr við margs konar mismunun vegna uppruna eða stöðu, vegna kyns, þess að þau tilheyra minnihlutahópi, eða þeirrar stöðu að vera barn á flótta undan átökum og eymd. Um 28 milljónir barna hafa þurft að flýja heimili sín og vaxandi fjöldi barna býr við stríðsátök og það eitt tvöfaldar líkurnar á að barnið nái ekki fimm ára aldri. Á árinu 2015 voru meira en 75.000 börn myrt, 59 prósent þeirra voru unglingar á aldrinum 15 til 19 ára. Fyrir hvert þessara morða eru hundruð eða jafnvel þúsundir barna sem búa við ofbeldi. Að búa við ofbeldi eða ótta við ofbeldi ætti ekki að vera hluti af uppvexti neinna barna.

**263 milljónir utan skóla**

Þrátt fyrir að fjöldi þeirra barna sem eru utan skóla í heiminum hafi lækkað undanfarin ár, eru enn 263 milljónir barna utan skóla. Það skerðir möguleika þeirra barna og eykur líkur á því að þau muni búa við fátækt í framtíðinni. Börn með fötlun, einkum stúlkur, eru líklegri til að vera utan skóla, ekki síst í fátækari löndum. Flóttabörn eru fimm sinnum líklegri til að vera utan skóla en börn sem eru ekki á flótta. Mörg börn eru utan skóla því þau þurfa að vinna til að sjá fjölskyldu sinni farboða og missa þá af því að þroskast í leik og fá gjarnan ekki næga hvíld.

Þessar ógnir barnæskunnar eru einnig til staðar í hátekjulöndum og í raun er ekkert land sem tryggir öllum börnum bernskuna. Ísland býr almennt vel að börnum sínum og kemur vel út í samanburði við önnur lönd. Ísland er í 8. sæti í skýrslunni af þeim þjóðum sem standa sig hvað best við verndun bernskunnar. Noregur er í 1. sæti og svo koma Slóvenía, Finnland, Holland, Svíþjóð, Portúgal og Írland.

Í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, SDG2030, eru loforð um að börnum heims sé tryggð bernska. Þess vegna skora Save the Children samtökin á alþjóðasamfélagið og stjórnvöld hvers ríkis að tryggja öllum börnum bernsku sína.

# VERKFÆRI OG AUKAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI HJÁ SINDRA

TILBOÐ

## VELTISÖG 250 MM

Veltisögin kemur með 250 mm blaði og 2000W er kúttsög sem er hægt að snúa í borðsög.

vnr 94DW743

**83.900** m/vsk

Fullt verð 100.119 m/vsk




TILBOÐ

## FJARLÆGÐARMÆLIR 30 MTR

Einfaldur lítill og nettur fjarlægðarmælir
30 metra drægni
skekkjumörk +-3mm

vnr 94DW033

**8.500** m/vsk

Fullt verð 13.487 m/vsk




TILBOÐ

## HLEÐSLUBORVÉL 18V

Létt og þægileg tveggja gíra vél með 2.0Ah Li-Ion rafhlöðum

vnr 94DCD791D2

**35.900** m/vsk

Fullt verð 38.201 m/vsk




TILBOÐ

## HJÓLSÖG 1350W

Rykblástur kemur frá vélinni sem blæs rykinu af skurðarlínunni. Gott ryksogskerfi er á vélinni sem dregur úr ryki þegar vélin er tengd við ryksugu.

vnr 94DWE560

**26.900** m/vsk

Fullt verð 33.809 m/vsk




## SKURÐARSKÍFUR

### 125 MM PHOENIX OG BLACK EDITION




173 stk m/vsk

Kaupir 300 | Færð 100 fríar

## FLIPASKÍFUR 125 MM




400 stk m/vsk

Kaupir 25 | Færð 10 fríar

## SLÍPISKÍFUR 125 MM




220 stk m/vsk

Kaupir 50 | Færð 20 fríar

## ON HAND HANSKAR STERKIR

Sterkir og þunnir Nitrile hanskar með gripi. Sterkari en hefðbundir einnota hanskar.
90 stk í pakka
Stærðir: M - XL

**2.290** m/vsk



## EINNOTA HANSKAR

Olíuþolnir hanskar
100% Nitrile
Stærðir: M - XL

**1.440** m/vsk



## VÍRBURSTI 3 RAÐA

Tréhandfang



230 m/vsk

## VÍRBURSTI RYÐFRÍR

Plasthandfang
Hentar fyrir ryðfrítt



265 m/vsk

## VÍRBURSTI STÁL

Plasthandfang
Hentar fyrir stál



188 m/vsk

## SLÍPIBAND 75 X 2000 MM

Hentar vel fyrir stál og ryðfrítt
Zirconium
G40 - 100



1.126 m/vsk

## SLÍPIMOTTA 150 X 230 MM

Til að pólera eða þrífa ryðfrítt, stál, ál og plast.
150, 240 og 400G



236 m/vsk

## SLÍPIBOLLI FYRIR SLÍPIROKK

Hentar fyrir stál
100 mm
14 mm gengjur



771 m/vsk

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður
SINDRI


KRÓNAN
Krónan mælir með!
299 kr. pk.
Nektarínur og ferskjur 1 kg. Spánn
Borðaðu mig - best núna!
199 kr. pk.
Paraguayos steinaldin 450 g, Spánn
Tilboðin gilda til 5. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK






Lamborgarar, brauð, Bernaisesósa, salt og pipar

**1299** kr. pk.

2 stk. 120 g hágæða lamborgarar

**Nýtt!**




**499** kr. stk.

Kartöflusalat, 400 g

## 100% hamborgara-búðin þín!

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

**Nýtt!**




Kanilgrillbrauð

**599** kr. stk.



KRÓNAN
Krónan mælir með!
4499 kr. kg
Lambafile með fituröndd, úrval marineringa
Verð áður 4999 kr. kg
-30%
4199 kr. kg
Ungnautalund, Nýja-Sjáland
Verð áður 5999 kr. kg
Gott verð!
2499 kr. kg
Laxaflök beinhreinsuð, í mangó chilí eða lime og smjöri
Tilboðin gilda til 5. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Ódýrt
Ný-
bakað!
99
kr.
stk.
Croissant, rúnstykki, margar gerðir
Tilboðin gilda til 5. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

## Nýjast

**Borgunarbikar karla**

**Víðir - Fylkir 0-5**
0-1 Oddur Guðmundsson (22.), 0-2 Arnar Björgvinsson (28.), 0-3 Oddur Guðmundsson (56.), 0-4 Albert Ingason (76.), 0-5 Hákon Ingi Jónsson (77.).

**Ægir - Víkingur R. 1-3**
0-1 Vladimir Tufegdzic (32.), 0-2 Ivica Jovanovic (36.), 0-3 Alex Hilmarsson (44.).

**ÍR - KR 1-1**
0-1 Tobias Thomsen (47.), 1-1 Jón Gísli Ström (63.)
*KR vann í vítaspyrnukeppni.*

**FH - Selfoss 2-1**
1-0 Kristján Flóki Finnbogason (23.), 2-0 Kristján Flóki Finnbogason (32.), 2-1 Alfi Lacalle (35.).

**Valur - Stjarnan 1-2**
0-1 Baldur Sigurðsson (34.), 1-1 Sigurður Egill Lárusson, víti (45.), 1-2 Jóhann Laxdal (69.).

**ÍBV - Fjölnir 5-0**
1-0 Kaj Leo í Bartalsstovu (6.), 2-0 Arnór Ragnarsson (35.), 3-0 Mikkel Maigaard (41.), 4-0 Pablo Punyed (62.), 5-0 Sigurður Grétar Benónýsson (90.+1.).

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | The Memorial Tour. | Golfst. |
| 19.05 | Leiknir R. - Grindavík | Sport |
| 21.15 | Borgunarbikarmörkin | Sport |
| 01.00 | NBA: Warriors-Cavs | Sport |

**ÞRJÁR SUNDSTELPUR KOMNAR MEÐ ÞRJÚ GULL Í SAN MARÍNÓ**



Ísland vann sjö gullverðlaun og alls tólf verðlaun á öðrum degi Smáþjóðaleikana í San Marínó í gær. Sundstelpurnar Bryndís Rún Hansen (100 m flug), Eygló Ósk Gústafsdóttir (100 m bak) og Hrafnhildur Lúthersdóttir (200 m bringa) bættu gullverðlaunum við þau sem þær unnu á fyrsta degi. Þær unnu síðan allar saman gull í 4 x 200 m boðsundi ásamt Sunnevu Dögg Friðriksdóttur og eru því með þrjú gull á leikunum. Íslenska karlasveitin fékk silfur. Aðrir Íslendingar sem unnu gull á leikunum í gær voru Ásgeir Sigurgeirsson (loftskammbyssu), Þormóður Árni Jónsson (júdó), Anna Soffía Víkingsdóttir (júdó).

**STUTT Á MILLI Á LPGA-MÓTA**

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir náði 56. sætinu á Volvik-meistaramótinu sem lauk um síðustu helgi en strax í dag hefur hún keppni á næsta móti sínu á LPGA-mótaröðinni. Ólafía, sem hækkaði sig um 44 sæti á heimslistanum með frammistöðu sinni á Ann Arbor vellinum (486. sæti), leikur í dag fyrsta hringinn sinn á móti í New Jersey. Hún hefur leik klukkan 7.15 um morguninn að staðartíma, eða 11.15 að íslenskum tíma.








Steph Curry hjá Golden State og LeBron James hjá Cleveland eru mjög mikilvægir sínum liðum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þriðji réttur veislunnar

**Úrslitaeinvígi Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers hefst í kvöld en í fyrsta sinn í NBA-sögunni mætast sömu liðin þrjú ár í röð. Warriors unnu 2015 og Cavs 2016 en nú er komið að lokauppgjöri á milli tveggja bestu liða heims.**

**KÖRFUBOLTI** Það hefur lengi stefnt í það að Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers mætist í lokaúrslitum NBA-deildarinnar og eftir alltof mörg sóp í fyrri umferðum úrslitakeppninnar og dágóða bið frá því að úrslit deildanna kláruðust er óhætt að segja að körfuboltafólk þyrsti í alvöru úrslitaeinvígi.

**24 sigrar í 25 leikjum í ár**

Í kvöld er loksins komið að þessu. Það eru tíu dagar síðan Golden State sópaði San Antonio Spurs út og sjö dagar síðan meistararnir í Cleveland afgreiddu Boston Celtics sannfærandi í þriðja leiknum í röð í Boston Garden. Það að þessi lið séu búin að vinna 24 af 25 leikjum sínum í úrslitakeppninni ætti að þýða að bæði koma fersk til leiks í Oracle Arena í Oakland.

Í raun hefur ekki reynt almennilega á þessi tvö frábæru lið. Golden State Warriors hefur unnið alla tólf leiki sína og eina tap Cleveland kom þegar liðið mætti til leiks „án“ LeBron James. James var eitthvað veiklulegur og hafi einhver efast um mikilvægi kappans þá heyrir sá efi líklega sögunni til eftir að í ljós kom hvað Cavs gerir án alvöru framlags frá sínum besta manni.

Liðsmenn Golden State Warriors hljóta samt að mæta til leiks í miklum hefndarhug. Hvað annað er hægt eftir lokaúrslitin í fyrra. Eftir besta tímabil sögunnar vantaði Golden State bara krúnuna til að geta kallað sig besta lið allra tíma.

**3-1 varð að 3-4**

Liðið var 3-1 yfir og fékk þrjá leiki til að landa síðasta sigrinum og tryggja sér NBA-titilinn annað árið í röð. En viti menn. Þeim tókst að gera lítið úr manndómi LeBron James sem svaraði með einni mögnuðustu þriggja leikja frammistöðu í sögu lokaúrslitanna. Þegar upp var staðið hafi James og félögum tekist að koma til baka og vinna fyrsta NBA-titil Cleveland Cavaliers.

Það er ekki alveg sama Golden State lið sem mætir til leiks í ár. Auðvitað verða alltaf einhverjar mannabreytingar á milli tímabila en nú mæta Warriors í lokaúrslitin búnir að bæta við sig einum besta körfuboltamanni heims. Það besta við það að mæta til leiks með Kevin Durant er að hann er líklegast hungraðasti maðurinn á vellinum í titil enda einn af fáum leikmönnum liðanna sem á ekki hring. Bestu fréttirnar fyrir Warriors er að stórstjörnurnar Kevin Durant og Stephen Curry blómstra nú hvor við annars hlið en þeir eru að skora saman 53,8 stig að meðaltali í leik í úrslitakeppninni. Báðir hafa tapað einu sinni fyrir LeBron, Curry 2016 og Durant 2012, og ætla ekki að láta það gerast aftur.

**Súperframmistaða súperstjörnu**

LeBron James leiddi Cleveland til sigurs fyrir ári síðan og er þegar búinn að skrifa NBA-söguna í þessari úrslitakeppni með því að bæta stigamet Michaels Jordan. James þurfti vissulega fleiri leiki en um leið færri skot til að ná átrúnaðargoði sínu. MJ er enn með þrjá fleiri titla en James og LeBron þarf nú að sýna meira af því sem hann sýndi í síðustu þremur leikjum lokaúrslitanna í fyrra ætli hann að minnka forskot Mikes í ár.

James var með 35,7 stig (55 prósent skotnýting), 12,3 fráköst og 9,0 stoðsendingar að meðaltali í leik í þremur síðustu leikjum lokaúrslitanna í fyrra. Við þeirri frammistöðu átti Warriors-liðið fá svör og missti frá sér titilinn.

Spekingar eru samt flestir á því að Golden State Warriors vinni NBA-titilinn í ár, bara spurning um hvort það verði 4-3, 4-1 eða jafnvel 4-0. Austurdeildin þykir meðal margra vera aðeins hálfdrættingur á við Vesturdeildina og því er ekki erfitt að draga þá ályktun að lið sem kemur 12-0 í gegnum Vesturdeildina eigi sigurinn vísan.

**Að steypa kónginum af stóli**

Lokaúrslit NBA-deildarinnar snúast hins vegar oftast um frammistöðu súperstjarnanna og á úrslitastundu í fyrra réðu Warriors-menn ekkert við James eða Kyrie Irving. Nú eru þeir hins vegar búnir að bæta við einum vænum vinstri krók með Kevin Durant. Boltaflæðið og breiddin er vissulega enn Warriorsmegin en þeir þurfa þurfa að steypa kónginum af stóli og það er ekki létt verk.

Eitt er víst, leikurinn í kvöld er skylduáhorf fyrir allt NBA-áhugafólk. Innbyrðisleikir liðanna voru varla marktækir vegna meiðsla, breytu eða fjarveru leikmanna og þetta eru því fyrstu alvöru leikir tveggja bestu liða heims í eitt ár. Það er komið að þriðja rétti í körfuboltaveislu þessara liða og við fylgjumst spennt með á Stöð 2 Sport.

**ooj@frettabladid.is**

**»** **Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers hafa spilað þrettán leiki í lokaúrslitum NBA undanfarin tvö ár. Golden State hefur unnið sjö af leikjunum en Cleveland sex.**

**7**

**LeBron James hefur spilað í öllum sjö lokaúrslitunum frá og með árinu 2011.**

# Sumarsæla í Múrbúðinni

## MÚRBÚÐARVERÐ



**Kailber -KG-2 Gasgrill**
4x3,5KW brennarar,
grillflötur 303,6 cm²,14KW

**52.880**

Kaliber PREMIUM GRILL




**Kailber Ferðagasgrill**
2x2,5KW brennarar, grillflötur
196,0cm², 5KW
Vagn fylgir með

**29.980**



**Kailber KG-1503 gasgrill**
3 x 3KW brennarar,
grillflötur 2520 cm2, 9KW

**39.900**

Kaliber PREMIUM GRILL



**24.990**
**Lavor Space 180**
**háþrýstidæla**

180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti
og aukaspíssar.

Made by Lavor



**Kaliber King**
**Gasgrill.**
5x3.5kw brennarar,
grillflötur 815x460mm,
17.5KW.

**59.980**



Grilláhöld 3 stk.
í setti kr. **1.380**

Grillbursti kr. **480**



**12.490**
**Lavor One**
**Plus 130**
**háþrýstidæla**

130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi
& Turbóstútur.



**20% AFSLÁTTUR**

**31.992**
**Áður kr. ~~39.990~~**

**MOWER CJ18**
BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 158 CC,
skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-85mm/8

CE/GS
VOTTUN



**20% AFSLÁTTUR**

**50.392**
**Áður kr. ~~62.990~~**

**MOWER CJ20**
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp
Briggs&Stratton mótor. Rúmtak
190 CC, skurðarvídd 51cm/20",
sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki
að aftan 65 L, hliðar
útskilun, skurðhæð og
staða 25-75mm/8



**20% AFSLÁTTUR**

**53.592**
**Áður kr. ~~66.990~~**

**MOWER CJ21**
Sláttuvél 53cm m/drifi, BS 6,0 hp
Briggs&Stratton mótor. Rúmtak
190 CC, skurðarvídd 53cm/21",
sjálfknúin 3,4 km/h. Safnpoki
að aftan 65 L, hliðar
útskilun. Skurðhæð og
staða 25-80mm/8



**Lavor Vertico 20**
**háþrýstidæla**
140bör 400 min ltr.

INDUCTION
MOTOR POWERED

**29.990**

MJÖG ÖFLUG
dæla 16,7kg

**MOWER**
**sláttuorf**

Tvígengis vél 0,7KW 31CC
Skurðarbreidd
255 > 480mm

**21.990**



BRIGGS & STRATTON ®

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM





**Steypugljái**
**á stéttina**
**– þessi sem endist**



**Plast blómapottar**
**mikið úrval,**
**litir og stærðir**



**DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar**

**5.980**

1 líter kr.
**1.580**

Tilboðið gildir til 10/6/2017 Fyrirvari um prentvillur.

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*



MÚRBÚÐARVERÐ
GÆÐASKÓFLUR
Laufhrífa
890
Tia - Garðverkfæri
440-490 kr. pr. stk.
Verð frá
2.190,-
2.390,-
1.690,-
1.790,-
1.790,-
Malarhrífa
1.890,-
MIKIÐ ÚRVAL
Strákústur
30cm breiður
695
Gróðurmold 20 l
490
40 l kr. 890
Blákorn 5 kg
1.190
MIKIÐ ÚRVAL
Truper Exi, 1.5kg,
43" Hickory Skaft
3.295
15m Garðslanga með tengjum
1.390
Garðúðari. Ál, 3 arma.
1.995
Garðskafa
1.490,-
Truper 10574
1.895,-
Trup hekkklippur 23060
1.245
Proflex Nitril vinnuhanskar
395
Pretul greinaklippur
895
Verkfærakista & stóll í garðinn
4.193
Garðkanna 10 L
895
Tia - hekkklippur 60 cm
1.990
Truper 24" greinaklippur
2.295
Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116-180cm, hraðtengi með lokun
2.390
5 lítra bensínbrúsi
990
Lokað slönguhjól 20m 1/2"
8.990
Truper 15" garðverkfæri
Verð 695/stk
Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
1.990
Cibon Fúgu vírbursti
3x10 laga m/skafti
1.490
Greinasög 12"
1.290
Truper garðhanskar
495
Hjólbörur 80L
3.990
VARA MÁNAÐARINS
Sterkir Cibon strákústar
45cm 1.046 kr. Áður 1.395
60cm 1.421 kr. Áður 1.895
Mei-9957210 Skilrúm í garðinn 9mx15cm
995
PVC húðað vírnet 65cmx15 metrar
4.695
Garðkarfa 25L
995
einnig fáanleg 50 lítra karfa kr. 1.590
PRETUL úðadæla 5 l. Trup 24685
2.490
25% AFSLÁTTUR
Öflugar hjólbörur 90 lítra
8.590
MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM
Slöngusamtengi
150
(mikið úrval tengja)
25 stk. 110 lítra ruslapokar 995
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. 795 (65my)

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ 2017

# Kaos í tísku

Reykjavíkurdótturinni Kolfinnu Nikulásdóttur finnst gaman að spá í ólíka tískustrauma sem ægir saman á landinu. Lokasýning Reykjavíkurdætra í Borgarleikhúsinu er á laugardag.

→2



Kolfinna með dóttur sinni  Unni, í frakka  frá Calvin Klein sem hún  klæðist hún þegar hún vill láta taka sig alvarlega. MYND/STEFÁN KARLSSON



**Steinunn Markúsdóttir, hárgreiðslumeistari, förðunarfræðingur og stílisti, er margfaldur Íslandsmeistari í hárgreiðslu. Hún fylgist vel með því nýjasta sem er að gerast í faginu.**

Tíska →6



*Miðnæturopnun í dag*

**20% afsláttur af öllum vörum!**

comma,

SMÁRALIND



Tommy Hilfiger skór. „Skórnir eru misskilningur sem ég varð fyrir á flugvelli nýverið. Ég var búin að bíða rosalega lengi og var hálfslöpp, mögulega með óráði. Ég sá bara bleiku litina og fallega mynstrið og fattaði ekki að þetta væri auðvitað fyrir 75 plús. Væntanlega nota ég þá samt, því þeir fara hringinn. Kannski fara þeir samt einn og hálfan hring?“



Versace sólgleraugu frá 1996. „Frænka mín gaf mér gleraugun í jólagjöf en ég nota þau einungis yfir hásumarið. Þau eru mjög stór og glæsileg og passa því bara þegar sólin er stór og glæsileg líka.“



Giovanni Versace skyrtan. „Beyoncé á svona skyrtu. Þetta er mikið listaverk náttúrulega. Elska litlu Medúsu-tölurnar á ermunum.“


Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is




**Spáir þú mikið í tísku?** Já, mér finnst tíska mjög áhugaverð, sérstaklega á Íslandi í dag. Hér ríkir ákveðið kaos í tísku, ýmsum tískutímabilum er blandað saman, fólk keppist við að fara í marga hringi með ljótleika og almenn fagurfræðileg óþægindi. Ég tók eftir því þegar Adidas gallinn varð mainstream hélt fólk að það væri að klæða sig í eitthvað upprunalegt rapparalúkk. En þess má til gamans geta að tracksuit-ið á í raun vinsældir sínar upphaflega ítölsku mafíunni í Bandaríkjunum 1970 að þakka. Þetta er bara eitt dæmi af mörgum um þann misskilning sem er í gangi á götum Reykjavíkurborgar.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Versace.
**Hvar kaupir þú fötin þín?** Á netinu.
**Eyðir þú miklu í föt?** Já.
**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Lonely bandanærfatasettið mitt.
**Uppáhaldshönnuður?** Versace.
**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Lýtaaðgerðir. Ég er svag fyrir lýtaaðgerðum og get ekki beðið eftir því að byrja.
**Notar þú fylgihluti?** Nei.
**Áttu þér tískufyrirmynd?** Donatella Versace.
**Hvað er fram undan hjá þér og Reykjavíkurdætrum?** Við erum að sýna síðustu sýningu okkar í Borgarleikhúsinu þann 3. júní. Svo er EP plata væntanleg með fimm funheitum sumarbangerum. Við erum að spila erlendis á ýmsum tónlistarhátíðum í sumar, örfáir tónleikar hér heima.



Armband frá langömmu. „Hún fékk þetta í fermingargjöf og svo amma mín. Síðan fékk pabbi þetta að gjöf við fermingu einnig og síðast ég. Ég er örugglega duglegust af okkur öllum að nota það, ég er eiginlega alltaf með það. Þetta er svo royal eitthvað. Fíla það. Gaman að vera með skartgrip sem pabbi minn hefur gengið með líka.“



Ralph Lauren dragt. „100.000 króna drakt. Fullkomin. En ég nota hana aldrei, of lessuleg. Ég byrja að nota hana um leið og ég er komin með kornunga fyrirsætu upp á arminn.“

**Hér ríkir ákveðið kaos í tísku, ýmsum tískutímabilum er blandað saman, fólk keppist við að fara í marga hringi með ljótleika.**


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433






Gagnlegt og áhugavert nám sem nýtist þér

Viðurkenndur bókari
**Lykill að góðu starfi**

**Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins skv, 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG. Kennt er þrjá daga í viku frá kl. 16:30 – 19:30.**

**Starfsmennt greiðir skólagjöld sinna félagsmanna.**

▸ INNRITUN STENDUR YFIR TIL 9. JÚNÍ. **Sjá mk.is**

**Menntaskólinn í Kópavogi**
**Sími: 594 4000**

**Frekari upplýsingar veita:**
inga.karlsdottir@mk.is
gardar.vilhjalmsson@mk.is



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN


Ný & stærri verslun!
Fagnaðu með okkur í dag milli klukkan 17 og 22
Ath. lokað til kl. 17
Tískusýning kl. 18
Opnunartilboð sem gilda út laugardaginn 3. júní:
30% afsláttur af öllum vörum frá TUZZI
30% afsláttur af dúnjökkum frá Gilbret
30% afsláttur af völdum skóm
30% afsláttur af leðurveskjum og beltum
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# XO heilsustaður nú í Smáralind

## Glæsilegur XO veitingastaður hefur verið opnaður í Smáralind. Íslendingar kjósa heilsusamlegan skyndibita en aðsóknin hefur verið frábær.

Á veitingahúsinu XO er eingöngu boðið upp á gæða hráefni en gestir hafa frá upphafi borið einróma lof á matinn. Fyrsti XO staðurinn var opnaður í JL-húsinu í Vesturbæ Reykjavíkur sumarið 2015. „Það varð sprenging þegar við opnuðum í Smáralindinni. Við áttum von á góðum viðtökum en þessi fjöldi fór fram úr okkar björtustu vonum,“ segir Gunnar Örn Jónsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda XO.

Aðgengið að XO í Smáralind er mjög gott en staðurinn blasir við þegar gengið er inn í Norðurturn Smáralindar. Mjög auðvelt er að grípa með sér mat en XO selur um 50 prósent af sínum veitingum í „take away“.

„Viðtökurnar hafa verið frábærar í Vesturbænum, gestir hafa komið frá öllu höfuðborgarsvæðinu. Erlendir ferðamenn hafa í síauknum mæli komið við á XO enda fær staðurinn lofsamlega dóma bæði á TripAdvisor og á Facebook. Það var því nánast aldrei spurning hvort við myndum opna annan veitingastað, heldur hvenær,“ segir Gunnar.

XO er hollur skyndibitastaður sem framreiðir mat í fusion-stíl þar sem asísk og evrópsk matreiðsla renna saman. Maturinn er eldaður frá grunni og XO kappkostar við að gera bragðið af matnum einstakt. XO styðst eingöngu við topp hráefni en veitingastaðurinn er þekktur fyrir frábæran mat, ferskleika og gæði. Á nýjum og endurbættum matseðli XO má meðal annars finna salöt, súpur, dönersamlokur, kjúklingarétti, vinsælar heilkorna súrdeigsflatbökur og ferskan djús.

„Að okkar mati er hollur skyndibiti það sem koma skal. Við trúum því að bylgjan sé byrjuð á Norðurlöndum og norðarlega á meginlandi Evrópu. Fólk er orðið mjög upplýst nú til dags og það lætur ekki bjóða sér hvað sem er. Við vonumst til að hollur skyndibiti verði í kringum 50 prósent af skyndibitamarkaðinum fyrir árið 2030. XO fór af stað með háleit markmið og eftir rúmlega eitt og hálft ár í rekstri sjáum við bersýnilega þörfina þótt eini XO staðurinn fram til þessa hafi nánast verið staðsettur á jaðarsvæði, í JL-húsinu við Hringbraut.

Með nýju staðsetningunni í Smáralind er XO einnig komið á mitt höfuðborgarsvæðið og fleiri geta því notið veitinganna. Við leggjum okkur öll fram við að elda framúrskarandi mat úr hágæða hráefnum og fólk kann virkilega að meta slíka viðbót á skyndibitamarkaðinn,“ segir Gunnar ennfremur.




Gunnar Örn Jónsson segir að Íslendingar taki heilsumat og -drykk fagnandi. Brjálað hefur verið að gera hjá XO í Smáralind frá opnun. MYND/ERNIR

### Nokkur ummæli af TripAdvisor og Facebook

- „Amazing food.“
- „It is a very nice place, the food is very good and the service is really fast and you get something worth your money.“
- „Snilldar staður, gott starfsfólk, frábær og hollur matur. Mæli svo mikið með þessum stað að það hálfa væri nóg.“
- „Nice atmosphere, great service, inexpensive and really, really tasty!!“
- „Hrikalega góður matur og frábær þjónusta. Mæli eindregið með XO.“



Hægt er að kynna sér matseðilinn sem er fjölbreyttur á heimasíðu XO.

Allar upplýsingar um XO og matseðilinn má sjá á heimasíðu XO, www.xofood.is



Boltinn er alltaf í beinni á XO.

# Efnismeiri en oft áður

## Þeir sem kjósa efnismeiri sundföt geta tekið gleði sína. Tískan er þeim í hag.

Sundfatatískan 2017 til 2018 er á köflum efnismeiri en oft áður. Það kom bersýnilega í ljós á Mercedes-Benz tískuvikunni sem haldin var í Sydney um miðjan maí. Bikiníbuxurnar náðu sumar upp á miðjan maga og minntu um margt á sixtís-sundföt og sundbolirnir voru jafnvel með ermum, sem er sjaldséð. Þar var líka talsvert um útskorna sundboli og toppa sem ná upp í háls. Sömuleiðis blúndusundföt og sundföt með kögri. Símunstur voru líka nokkuð áberandi.



Þessi bolur er frá Aqua Blu.

Víða mátti sjá kögur, blúndur og göt. Þetta bikiní er frá Skye & Staghorn.

Margar konur kunna eflaust að meta sundbuxur sem þessar. Þær eru frá Duskii.

Þessi er frá Duskii. Hann er skorinn út í miðjunni. Á sýningunni var líka mikið um boli sem voru skornir út í hliðunum.

Þessi var til sýnis á Mercedes-Benz tískuvikunni í Sydney fyrir skemmstu. Hann er frá Aqua Blu.


Fæst í flestum apótekum, heilsuvöru-
búðum og í Hagkaup, Smáralind.
International Organic and Natural Cosmetics Corporation
BDIH Standard
benecos
náttúruleg fegurð
POWDER BLUSH
NATURAL
benecos
Náttúrulegt og lífrænt
Án parabena
Ekki prófað á dýrum



KRINGLUNNI | 588 2300 INDISKA



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér.

**Kynntu þér málið á 365askrift.is**

365
365ASKRIFT.IS


# Líf og fjör í litun og klippingum

## Steinunn Markúsdóttir, hárgreiðslumeistari, förðunarfræðingur og stílisti, er margfaldur Íslandsmeistari og fylgist með því nýjasta.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Steinunn á átta verðlaunagripi eftir að hafa orðið Íslandsmeistari bæði í dömu- og herraklippingum. Þar að auki lenti hún í úrslitum Aveda Global Fashionista 2015 og 2016. Um sex þúsund keppendur tóku þátt í fyrra og um átta þúsund árið þar á undan en aðeins 21 vinnur til verðlauna. „Ég er ákaflega stolt af því að hafa komast í úrslit í þessari keppni. Það er mikill heiður,“ segir Steinunn. Hún starfar á Aveda hárstofunni í Faxafeni 9 og segir að það sé ánægja hennar með vörurnar sem hafi komið henni aftur til að vinna við fagið en Steinunn hefur starfað sem stílisti við auglýsingatökur. Meðal annars í stóru verkefni fyrir Samsung fyrirtækið. Hún er með breskan umboðsmann og hefur fengið margvísleg skemmtileg verkefni upp í hendurnar, bæði hér á landi og erlendis.

„Þegar ég kynntist Aveda vörunum heillaðist ég gjörsamlega. Þetta eru umhverfisvænar vörur sem fara vel með hárið og okkur fagfólkið. Vegna þeirra ákvað ég að fara aftur að vinna á gólfinu,“ segir hún. „Ég hef átt mjög góð samskipti við stjórnendur fyrirtækisins á heimsvísu um nýjustu línur í klippingum, litun og greiðslu. Við erum eins og ein stór fjölskylda. Ég fæ alltaf nýjustu upplýsingar um tískulitina sem eru í gangi hverju sinni,“ segir hún.

Steinunn var spurð hvaða litir væru vinsælastir í sumar. Hún svaraði um hæl að pastellitir í hárið væru málið í sumar. „Það eru vissar breytingar í gangi en ekkert svakalega miklar. Það eru nýir pastellitir sem lífga upp á hárið; fjólublátt, grænt, blátt og svo baby-blond. Gráir tónar og þessi kalda blanda sem hefur verið vinsæl er að hverfa. Hlýir og mjúkir tónar detta inn,“ útskýrir Steinunn en tekur fram að ekki sé mjög auðvelt að lýsa þessum nýju litum. „Litirnir eru settir hér og þar í hárið,“ segir hún. „Þegar þessir nýju litir eru settir í hárið þarf að lýsa það fyrst og hreinsa gamla liti úr hárinu. Mjög skemmtilegur blær kemur á hárið við þessa breytingu. Sumar konur eru mjög óhræddar við að prófa eitthvað nýtt og velja mjög áberandi liti, jafnvel allan regnbogann. Þær sem eru mjög dökkhærðar hafa verið að setja fallega súkkulaðiliti yfir dökka litinn, aðeins út í gyllta og ljósa tóna.“

Steinunn segir að axlasítt hár sé mjög vinsælt um þessar mundir. Síða hárið er að fjúka. „Þungir toppar eru vinsælir, jafnvel krullur. Mér finnst hárstíllinn vera að detta svolítið inn í „nineties“ filing. Fléttnurnar halda þó velli, þær eru enn í tísku og notaðar á margvíslegan máta. Ég hef fylgst töluvert með tískunni í Þýskalandi og á Ítalíu, en þar er mikið um fléttur. Svo er mjög skemmtileg breyting hjá strákunum. Þeir koma í permanent og skeggið er horfið. Hárið er aðeins síðara en það hefur verið. Mjög margir herrar koma í strípur en það var mjög vinsælt á diskóárunum. Tískan er svolítið að fara í þá átt. Langmestu breytingarnar eru þó í litum og þeim vörum sem við hárgreiðslufólk erum að vinna með. Þar hafa orðið miklar framfarir. Það er alltaf skemmtilegt í vinnunni þegar svona breytingar verða.“



Steinunn Markúsdóttir er margfaldur Íslandsmeistari í hárgreiðslu en hún er einnig menntaður stílisti og förðunarfræðingur. MYND/ERNIR



Sumarhárgreiðsla. Skemmtilegir litatónar og krullað hár.



Dökkt hár með bláum tónum.



Þessi háralitur verður vinsæll í sumar.

> Það eru nýir pastellitir sem lífga upp á hárið, fjólublátt, grænt, blátt og svo baby-blond. Gráir tónar og þessi kalda blanda sem hefur verið vinsæl er að hverfa.
>
> **Steinunn Markúsdóttir**

Steinunn segist ekki vera persónulegur stílisti en hefur gaman af því að gefa viðskiptavinum sínum góð ráð. „Ég er mjög vön að vinna í auglýsingamálum en það eru ekkert mörg ár síðan ljósmyndarar hér á landi fóru að vinna með stílistum. Í útlöndum er heilt teymi á bak við hverja auglýsingu,“ segir Steinunn en hún sýndi glæsilegar greiðslur í jólablaði Glamour.

Eftir hrunið spöruðu margir við sig í klippingu og litun. Nú er öldin önnur og aftur er komið líf og fjör á hárgreiðslustofurnar. „Það eru breyttir tímar og karlmenn eru ekki síður en konur uppteknir af því að líta vel út,“ segir Steinunn. „Maður er miklu öruggari með sig ef útlitið er í lagi. Mér finnst ekkert fallegra en glansandi heilbrigt og fallegt hár.“

Steinunn segir að hún fylgist mjög vel með því sem er að gerast á heimsvísu í faginu. „Við erum sífellt að endurmennta okkur og læra eitthvað nýtt.“

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Grunnnám

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ 2017

Kynning á grunnnámi við Háskólann á Bifröst

## Hagnýtt og framsækið námsframboð

Fjölbreytt BA- og BS-nám er í boði við viðskipta-, laga- og félagsvísindadeild.



### Viðskiptanám á Bifröst snýst um að láta drauma sína rætast. →2



### Þverfagleg gráða í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði gefur öfluga sýn á þjóðfélagsþróunina. →3



### Laganemar taka þátt í samstarfsverkefni margra virtustu lagadeilda í heimi. →4



# Býr nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf

## BS-nám í viðskiptafræði í staðnámi eða sveigjanlegu fjarnámi

Flestir nemendur við Háskólann á Bifröst stunda nám við viðskiptadeildina en í BS-náminu er bæði boðið upp á staðnám og fjarnám. Nemendur geta því annaðhvort búið á Bifröst í afar fallegu og nærandi umhverfi eða verið í fjarnámi og notið þá Bifrastar á sérstökum vinnuhelgum. Staðnám og fjarnám er þó samþætt með þeim hætti að fyrirlestrar og kennsluefni í hverju námskeiði er aðgengilegt á kennsluvef og þannig geta nemendur skipulagt tíma sinn mun betur,“ segir Sigurður Ragnarsson, forseti viðskiptadeildar.

„Námið er kennt í sjö vikna lotum og vendikennslan sem við bjóðum upp á hentar bæði stað- og fjarnemum. Allir nemendur fá sömu fyrirlestrana sem birtast á kennsluvef og því eru staðnámstímar sem og vinnuhelgar nýttar sérstaklega til að vinna með efnið. Margir BS-nemar stunda námið með vinnu enda geta þeir stýrt sínum námshraða og valið hvað þeir taka mörg námskeið hverju sinni. Bakgrunnur nemenda er afar fjölbreyttur og mikið er lagt upp úr hópavinnu sem skilar sér í verðmætri reynslu sem hjálpar einnig til við tengslamyndun.“

### Snýst um að láta drauma sína rætast

„Háskólinn á Bifröst hefur haft það sem meginmarkmið frá stofnun að mennta ábyrga leiðtoga fyrir atvinnulíf og samfélag. Við erum með frábæra kennara og starfsfólk til að aðstoða og vinna með nemendum til að þeir geti eflt sig og aukið færni sína. Ég segi að þetta snúist um að láta drauma sína rætast. Við viljum hjálpa fólki til að ná þangað sem það stefnir og í raun fylgja því út lífið því það hefur sýnt sig að Bifrestingar standa saman áfram og tengslanetið sem myndast á Bifröst er ómetanlegt. Í þessu samhengi er mikilvægt að nemendur fá afburðagott nám á Bifröst og persónulega þjónustu þar sem hver og einn fær tækifæri til að blómstra,“ segir Sigurður.

### Ólíkar áherslur

Við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst er í boði BS-nám með þrenns konar ólíkum áherslum; markaðssamskipti, ferðaþjónustu eða þjónustufræði.



„Nemendur geta annaðhvort búið á Bifröst í afar fallegu og nærandi umhverfi eða verið í fjarnámi,“ segir Sigurður Ragnarsson, forseti viðskiptadeildar.



Afar hagstæður leigumarkaður er á Bifröst og alla helstu þjónustu er að finna í nærumhverfinu.

# Samfélagslega ábyrgir leiðtogar

Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í fjarnámi og er slíkt frábær kostur fyrir þá sem vilja verða sér úti um hagnýta menntun hvar sem þeir eru staddir á lífsleiðinni. Um leið gefst nemendum einnig kostur á að búa í fallegu og hlýlegu umhverfi háskólaþorpsins með samheldnum hópi einstaklinga. Afar hagstæður leigumarkaður er á Bifröst og alla helstu þjónustu er að finna í nærumhverfinu s.s. líkamsrækt, verslun, bókasafn og skóla.

Markmiðið með öllu námi við Háskólann á Bifröst er að mennta samfélagslega ábyrga leiðtoga og búa nemendur sem best undir atvinnulífið með hagnýtum verkefnum og hópavinnu. Allt nám við Háskólann á Bifröst er kennt í lotubundinni vendikennslu sem er þannig uppbyggð að nemendur fá fyrirlestra á rafrænu formi og sækja síðan umræðu- og verkefnatíma með kennurum.

Eitt af aðalsmerkjum BA- og BS-náms við Háskólann á Bifröst eru misserisverkefni sem nemendur vinna að í hópum tvisvar sinnum á námsferli sínum. Verkefnin eru unnin þvert á fagsvið og fá nemendur í tengslum við þau kennslu í verkefnastjórnun og viðeigandi faglega handleiðslu sérfræðings. Áhersla er lögð á að tengja verkefnin við raunverulegar áskoranir atvinnulífs og samfélags.

# Fjölbreytt úrval markaðsfræðiáfanga

Í meira en áratug hefur BS-nám með áherslu á markaðssamskipti á Bifröst verið í sérflokki á Íslandi með fjölbreyttu úrvali markaðsfræðiáfanga og þetta hefur verið vinsælasta BS-námið á Bifröst. Þá hefur ferðaþjónustan blómstrað á Íslandi og er mikilvægt að viðhafa fagmennsku þar á öllum sviðum. „Með BS-námi með áherslu á ferðaþjónustu erum við því að þjóna kalli markaðarins og leggja af mörkum til meiri fagmennsku þar sem það er lífsspursmál að okkur takist vel til á þessu sviði. Þessi áhersla hefur verið í boði í nokkur ár og námið hefur vaxið og styrkst mikið,“ segir Sigurður Ragnarsson. Í BS-námi í viðskiptadeild er einnig boðið upp á sérhæfingu á sviði þjónustufræða en þessi námslína er fyrir þá sem vilja sérstaklega sérhæfa sig og helga sig þjónustufræðum og þar er í mörg horn að líta. „Í dag er ekki hægt að stunda viðskipti án þess að bjóða upp á þjónustu og þess vegna skiptir öllu að þessir hlutir séu í lagi og séu vel skipulagðir og alls ekki tilviljanakenndir. Í þessu eins og öðru skilar fagmennska og metnaður árangri,“ bætir Sigurður við.

**„Ég mæli með námi í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu fyrir þá sem vilja starfa og stjórna innan ferðaþjónustu. Mörg góð stjórnunarfög eru innan námsins sem er kannski lykill að því að okkur takist að gera góða ferðaþjónustu enn betri. Fjarnámið hefur reynst mér vel og við nemendur eigum í góðum samskiptum við kennarana, sem hafa mikla þekkingu og hugsjón fyrir ferðaþjónustunni.**



Unnur Steinsson, hótelstjóri Hótel Fransiskus og nemandi í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu

**„Námið nýtist mikið í minni vinnu, sama hvort það er á blogginu eða í sjónvarpinu. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir mig að geta nálgast og lært af kennurum sem hafa menntun og reynslu í faginu og geta nýtt mér það í mínum daglegu störfum. Fjarnám er frábær leið til að geta stundað bæði vinnu og nám, þetta er alveg gerlegt þannig að ég hvet alla til að mennta sig.**



Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir, dagskrárgerðarkona og nemandi í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti

Útgefandi: 365 miðlar | Háskólinn á Bifröst: www.bifrost.is | Sölumaður auglýsinga: Atli Bergmann, atlibergmann@365.is, s. 512 5457 | Veffang: Visir.is

# Þverfagleg gráða í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

## Einstakt nám fyrir þá sem hafa áhuga á efnahagsmálum, viðskiptum og stjórnmálum.

Við félagsvísindadeild hefur í rúman áratug verið í boði BA-nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS). Námið er uppsett að erlendri fyrirmynd, einkum frá Oxford-háskóla í Bretlandi en margir þarlendir forsætisráðherrar hafa lokið slíkri gráðu. Námið er þó alls ekki bundið þeim sem hyggja á stjórnmálastarf og hérlendis hafa margir útskrifaðir nemendur skapað sér starfsframa í fjölmiðlum, stofnað og starfað hjá stórum fyrirtækjum, starfað innan stjórnsýslunnar eða farið utan og starfað hjá alþjóðafyrirtækjum.

### Forysta í samfélagi og viðskiptalífi

„Hugmyndin með náminu er sú að gera nemendum kleift að skilja hið flókna gangverk samfélagsins og þjóðfélagsþróunar. Til þess duga í raun ekki aðeins greiningartæki hvers fræðasviðs fyrir sig heldur gefur gleggri mynd að beita öllum þessum þremur sjónarhornum, heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði, með samfléttuðum hætti. Þetta passar gríðarlega vel við þá áherslu á Bifröst að samflétta forystu í samfélagi og viðskiptalífi og er í raun það sem kristallast í þessari gráðu. Til að verða farsæll í viðskiptum getur t.a.m. verið gott að hafa tæki sem gera þér kleift að greina þjóðfélagsþróunina. Þetta er einstakt nám fyrir þá sem hafa áhuga á efnahagsmálum, viðskiptum og stjórnmálum. Það gefur ekki aðeins einstaka heldur einnig öfluga sýn á þjóðfélagsþróunina, opnar dyr til svo margra áhugaverðra átta í framhaldinu og skapar fleiri tækifæri en flest önnur fög í félagsvísindum,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild.

Í náminu eru kennd grundvallaratriði í hagfræði, stjórnmálafræðilegri greiningu og heimspekilegri hugsun en einnig eru námskeið innan þess sem eru þverfagleg greining á það sem er að gerast hverju sinni t.a.m. efnahagspólitík, kynjapólitík, Norðurslóðamálefni eða þjóðernishyggju. Eiríkur tekur sem dæmi að ef fólk vilji reyna að skilja flóttamannastrauminn, líkt og hann hefur blasað við undanfarin ár, þá dugi ekki að skoða þau átök sem hafa skapast í kringum málefnið eingöngu út frá efnahagsástæðum, ríkjapólitík, stríðsrekstri eða út frá siðferðilegum álitamálum um manngildi heldur verði að flétta þessa þætti saman og ná þannig heildstæðri sýn á þennan vanda til að skilja hann og HHS sé hugsað sem nám sem veiti tæki til einmitt þess.

### Samfélagslega þenkjandi hópur

Nemendur segir Eiríkur koma úr öllum áttum en oftast eigi þeir sameiginlegt að vera samfélagslega þenkjandi fólk sem hafi áhuga á þjóðfélagi og efnahagslífi. Nemendur í HHS fara gjarnan í skiptinám og segir Eiríkur smæð Háskólans á Bifröst þar vera mikinn styrk en kennarar hafa getað hjálpað nemendum á einstaklingsgrunni að komast inn í marga af bestu skólum heims.

„Það er skemmtilegast að sjá nemendur öðlast gagnrýna hugsun og byrja að beita henni. Það er ekkert eins nærandi fyrir kennarann eins og skarpur nemandi sem getur ögrað því sem kennarinn hefur að segja og tekist á við hann í rökræðum og með gagnrýninni nálgun. Það eru oft langbestu kennslustundirnar þegar rökræðan kemst á ákveðið flug og við höfum átt mjög marga virkilega góða nemendur sem hafa orðið sífellt öflugri í þeirri rökræðu,“ segir Eiríkur að lokum.



BA-nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) er einstakt nám sem gefur ekki aðeins einstaka heldur einnig öfluga sýn á þjóðfélagsþróunina.



Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild.

» Hugmyndin er að gera nemendum kleift að skilja hið flókna gangverk samfélagsins og þjóðfélagsþróunar. Til þess duga ekki aðeins greiningartæki hvers fræðasviðs. Gleggri mynd gefur að beita öllum þremur sjónarhornum, heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði.

# Stundar nám í miðlun og almannatengslum frá Barcelona

Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í fjarnámi og er allt BA- og BS-nám í boði í fjarnámi. Marta Rún Ársælsdóttir er meðal fjarnema háskólans en hún stundar BA-nám í miðlun og almannatengslum í fjarnámi frá Barcelona þar sem hún er búsett.

BA-nám í miðlun og almannatengslum er ný tegund af námi hér á landi sem miðar að því að búa nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði sem gerir æ ríkari kröfur um þekkingu og fagleg vinnubrögð er lúta að samskiptum við fjölmiðla, fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir. Námið byggir á breiðum grunni hug- og félagsvísinda og er tilvalið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa á sviði fjölmiðlunar eða almannatengsla, í opinberri stjórnsýslu, fyrir frjáls félagasamtök, stjórnmálaflokka, stofnanir og fyrirtæki af ýmsum toga.

„Með náminu rek ég lífsstílsvefinn femme.is ásamt hópi ungra kvenna þar sem finna má umfjöllun um ýmislegt er varðar okkar áhugamál s.s. mat, hönnun og ferðalög. Við skrifin myndast samstarf við fyrirtæki í formi kynninga og auglýsinga og þar tengjast vinnan og námið en hluti þess er að læra að koma hugmyndum, vörum og fólki á framfæri. Námið er mjög víðtækt og mun nýtast mjög vel til starfa sem tengjast mínum áhugasviðum sem eru fólk, listir, hönnun, vörumerki og markaðsfræði. Fjarnámið var ein ástæða þess að ég valdi Bifröst og það hentar mér fullkomlega svo og lotukerfið. Fjarnámið er vissulega krefjandi en um leið er mjög gaman að koma á vinnuhelgar og hitta bæði nemendur og kennara,“ segir Marta Rún.



Marta Rún Ársælsdóttir býr í Barcelona og er í fjarnámi við Háskólann á Bifröst.

„ Með náminu rek ég lífsstílsvefinn femme.is ásamt hópi ungra kvenna.

„ Ég valdi BA-nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði því mér fannst mig vanta ákveðna þekkingu og skilning á grunnhugtökum sem maður heyrði í fréttum og langaði að skilja hvernig samfélagið virkar. Hagfræðin og stjórnmálafræðin skiluðu mér því og leiddu mig út í stjórnmál síðar meir. Í raun situr heimspekin, sem ég vanmat til að byrja með, mest í mér úr náminu, í henni lærði maður að takast á við allar spurningar með opnum huga og gera sér grein fyrir að það er ekki til neitt eitt, rétt svar.

Brynhildur S. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri GG Verk ehf. og formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands, BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði 2007.

# Viðskiptafræði og lögfræði fléttuð saman í eitt

## Fjölbreytt og krefjandi grunnnám í viðskiptalögfræði sem þjónar hagsmunum atvinnulífsins einkar vel.

Í BS-námi í viðskiptalögfræði fléttast saman tvær hagnýtar námsgreinar þannig að úr verður fjölbreytt og krefjandi grunnnám sem þjónar hagsmunum atvinnulífsins einkar vel. Megináhersla er lögð á kjarnagreinar lögfræðinnar en jafnframt þær greinar viðskiptafræðinnar sem tengjast rekstri, upplýsingatækni og fjármálum. Fyrir vikið fá nemendur breiðari grunnmenntun en ella. Útskrifaðir nemendur hafa meðal annars haslað sér völl í fjármálafyrirtækjum, hjá endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækjum og á lögmannsstofum og fasteignasölum.

### Öflugt erlent samstarf

Lagadeild Háskólans á Bifröst tekur þátt í LawWithoutWalls sem er samstarfsverkefni margra virtustu lagadeilda í heimi eins og Harvard, Stanford University og University of Miami. Háskólinn á Bifröst hefur tekið þátt í verkefninu frá árinu 2013 og sendir árlega laganema utan til að taka þátt.

Tilgangur verkefnisins er að nemendur noti þekkingu sína á lögfræði, í bland við reynslu af öðrum sviðum, til að auðvelda aðgengi að lögfræðiþjónustu með aðstoð tækninnar. Sem dæmi um slík verkefni sem unnin hafa verið má nefna snjallsímaforrit sem auðveldar flóttafólki frá Sýrlandi að sækja sér lögfræðiaðstoð, heimasíða sem útbýr hagkvæma rafræna samninga fyrir smáfyrirtæki og snjallsímaforrit sem auðveldar verkafólki að tilkynna um brot á réttindum þeirra.

Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor við lagadeild og doktorsnemi í lögfræði við Fordham University í New York, hefur haldið utan um verkefnið og einnig verið liðsstjóri. Hún segir nemendur frá Háskólanum á Bifröst hafa fengið mikið hrós frá skipuleggjendum þar sem þeir þyki vandvirkir, fljótir að tileinka sér ný vinnubrögð og sýna frumkvæði þegar komi að því að leysa úr álitaefnum. Þátttakendur tengjast öflugu tengslaneti lögfræðinga víðsvegar um heiminn og er ómetanlegt tækifæri fyrir nemendur frá Háskólanum á Bifröst að öðlast dýrmæta reynslu í alþjóðlegu samstarfi.

**„Nemendur frá Háskólanum á Bifröst hafa reynst einstakir leiðtogar, lausnamiðaðir og skapandi í hugsun. Þá hafa þeir framúrskarandi skilning á tengingu viðskipta og lögfræði í alþjóðaviðskiptum nútímans.**

Michele DeStefano, prófessor við lagadeild University of Miami og Harvard Háskóla og stofnandi LawWithoutWalls, og Erika Pagano, framkvæmdastjóri LawWithoutWalls.



Útskrifaðir lögfræðingar frá Háskólanum á Bifröst hafa haslað sér völl m.a. í fjármálafyrirtækjum, á lögmannsstofum og hjá ráðgjafarfyrirtækjum.

**» Lagadeild Háskólans á Bifröst tekur þátt í LawWithoutWalls sem er samstarfsverkefni margra virtustu lagadeilda í heimi .**

**„Uppbygging námsins og þessi mikla hópavinna, sem lögð er áhersla á innan þess, hefur gefið mér góða samskiptahæfni og fyrir vikið tel ég mig umburðarlyndari og sterkari sem einstakling. Þarna var kominn saman hópur kraftmikilla og metnaðarfullra nemenda sem hafa áhuga á að ná árangri og slíkt umhverfi er aðlaðandi fyrir hvaða nemanda sem er. Með því að fá að velta hlutunum fyrir sér og spyrja spurninga nær maður utan um námsefnið á árangursríkan hátt.**



Hanna Björg Konráðsdóttir lauk BS- og ML-gráðu í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst og útskrifaðist árið 2014. Hún starfar í dag sem lögfræðingur hjá Orkustofnun og þá helst á sviði alþjóðlegra verkefna sem stofnunin tekur þátt í.

## Þak yfir höfuðið – stígðu fyrsta skrefið

Á Bifröst er hagkvæm húsaleiga í boði fyrir þá sem vilja búa og stunda nám í einstakri náttúrufegurð og rólegu umhverfi. Húsnæði er í boði bæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Einstaklingsherbergi með sameiginlegri aðstöðu kostar frá tæplega 50.000 kr. á mánuði og fjölskylduíbúðir frá um 80.000 kr. Innifalið í húsaleigu er hiti og rafmagn, aðgangur að interneti, innlendum og erlendum sjónvarpsstöðvum og líkamsrækt.



Fjölskylduvænt samfélag.

**„Það er skemmtilegt að búa á Bifröst og þar kynnist þú bæði samnemendum þínum og kennurum mjög vel. Hér er nóg í boði fyrir þá sem vilja gleði og glaum en einnig er hægt að lifa mjög rólegu lífi á Bifröst. Náttúrufegurðin er einstök og staðurinn er fullkominn fyrir þá sem hafa áhuga á útivist eða hreyfingu almennt, enda aðgangur að líkamsrækt innifalinn í skólagjöldum.**

Teitur Erlingsson, nemi við félagasvísindadeild

**„Ég er í fjarnámi en flutti samt með alla fjölskylduna á Bifröst sem segir mikið um staðinn. Ég á fjögur börn og það er frábært umhverfi á Bifröst til að ala upp börn og frábær leikskóli og skóli í boði fyrir þau.**

Hróðný Kristjánsdóttir, nemi við félagsvísindadeild





## Mótaðu þína framtíð á Bifröst

Spennandi og framsækið námsframboð og nútíma kennsluhættir í einstöku námsumhverfi

**BS í viðskiptafræði**
- með áherslu á markaðssamkipti
- með áherslu á ferðaþjónustu
- með áherslu á þjónustufræði

**BS í viðskiptalögfræði**

**BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði**

**BA í miðlun og almannatengslum**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
– fyrir þá sem ætla lengra


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
*Vegna hagstæðari samninga og styrkingar krónunnar
höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!
CUBE AIM
Verð frá 64.990kr
TIRE CO.
TAKE YOURSELF FURTHER
CUBE 200
CUBE 240
CUBE 240
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
RolfPRIMA
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00










# Glossið vinsælt

## Glossið er komið í tísku á nýjan leik og sumarförðunin einkennist af björtum plómu- og pastellitum, að sögn Fanneyjar Skúladóttur förðunarfræðings.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



Fanney fylgist vel með nýjum straumum og stefnum í förðunartískunni en hún hefur vakið mikla athygli fyrir skemmtileg myndbönd um förðun á Snapchat og á vefsíðunni fanneymua.com.

Fanney fékk áhuga á förðun þegar hún var fremur ung en byrjaði ekki að farða sig af neinu viti fyrr en í framhaldsskóla. „Áhuginn jókst með árunum en það var ekki fyrr en í janúar 2015 sem ég byrjaði í förðunarnámi en ég kláraði diploma í förðunarfræði frá Reykjavík Makeup School,“ segir Fanney, sem einnig er með BA-gráðu í stjórnmálafræði og MA-gráðu í stjórnsýslufræðum. Hún hefur þó nær eingöngu unnið í tengslum við förðun undanfarin misseri, og þannig látið gamlan draum rætast.

Spurð hvar hún fylgist með nýjum straumum og stefnum í förðunarheiminum segist Fanney aðallega fá innblástur í gegnum Instagram þar sem hún fylgir fjölmörgum förðunarfræðingum. „Það er enginn einn í uppáhaldi þar sem hver og einn hefur sinn stíl en mér finnst sérstaklega gaman að fylgjast með íslenskum förðunarfræðingum,“ segir Fanney og bætir við að undirstaðan að fallegri förðun sé vel nærð húð. „Það er mjög mikilvægt að hugsa vel um húðina og nota viðeigandi húðvörur svo förðunin njóti sín sem best,“ segir hún.

### Kremförðunarvörur vinsælar

Í sumar verður létt sumarförðun allsráðandi, að sögn Fanneyjar. „Förðunartískan gengur í hringi og nú er glossið aftur orðið vinsælt. Kremförðunarvörur eru einnig að verða meira áberandi, eins og kremkinnalitir, krembronser og ljómakrem. Á heildina litið verður áherslan á fallega, ljómandi húð, sólarpúður, eyeliner í björtum lit, plómuliti á varir og kinnar og pastelliti í augnförðun. Gerviaugnhárin eru einnig alltaf vinsæl, hvort sem þau eru við létta förðun eða dramatíska förðun. Svo er fallegt að leyfa freknunum að njóta sín í gegnum förðunina. Ég nota því mjög léttan farða og sem minnst af púðri á sumrin.“

Kvöldförðunin er heldur dramatískari en dagförðunin. „Þegar ég farða mig fyrir daginn legg ég meiri áherslu á fallega ljómandi húð, vel mótaðar augabrúnir og léttar varir en fyrir kvöldförðunina huga ég meira að augnförðuninni þar sem augnskuggi, eyeliner og augnahár ráða ríkjum.“

### Hyljari er þarfaþing

Þegar Fanney er spurð hvað leynist í snyrtiveskinu hennar kemur í ljós að þar er margt spennandi að finna. „Ég er með allt mögulegt en það sem verður hvað mest notað í sumar er Fit Me hyljarinn frá Maybelline, Kiss&Blush Duo Stick frá YSL, Give Me Sun sólarpúður frá MAC, kinnalitur frá Milani í litnum luminoso, augabrúnapenni frá Maybelline, varalitur frá NYX í litnum candy buttons og ekki má gleyma því sem setur alltaf punktinn yfir i-ið í förðun eða rakaspreyið Fix+ frá MAC. Ef ég ætti bara að velja eina vöru sem ég mætti nota þá væri það hyljari en það er hægt að gera svo ótrúlega margt með hyljara og er hann því nauðsynlegur í snyrtiveskið. Þá þykir mér einnig augabrúnapenni, sólarpúður og varalitur vera algjör nauðsyn, ásamt góðu rakaspreyi.“

Undanfarið hafa dökkar og vel mótaðar augabrúnir verið í tísku. Fanney segir að hingað til hafi sér fundist augabrúnatískan ótrúlega falleg en hún er hrifin af náttúrulegum augabrúnum. „Dökkir litir eru ekki jafnáberandi og áður en það hefur verið vinsælt að fylla inn í brúnirnar með augabrúnapennum sem gefa náttúrulegt form ásamt því að greiða í gegn með augabrúnageli þannig að hárin fái að njóta sín.“

*En hvaða mistök skyldu konur gera þegar kemur að förðun?* „Algeng mistök eru að farða sig í rangri birtu en það er langbest að farða sig í dagsljósi svo förðunin verði sem fallegust. Önnur algeng mistök eru að nota ekki réttan lit í farða,“ segir Fanney.



Fanney lét gamlan draum rætast og lærði förðun eftir háskólanám. MYND/ERNIR

> **Á heildina litið verður áherslan á fallega, ljómandi húð, sólarpúður, eyeliner í björtum lit, plómuliti á varir og kinnar og pastelliti í augnförðun. Gerviaugnhárin eru einnig alltaf vinsæl. Kremvörur verða einnig meira áberandi.**
>
> Fanney Skúladóttir



Augnumgjörðin verður björt í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY



Plómulitir á varir eru málið í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

LANCÔME
PARIS




MONSIEUR BIG MÆTIR Á MIÐNÆTUROPNUN SMÁRALINDAR Í DAG.

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**Bílalíf**



**GOTT VERÐ 9.490.000.-**
AUDI Q7 3,0 TDI QUATTRO. Árg.2016,ek.aðeins 26.þús km,dísel, sjálfskiptur,design pakki.Rnr.245904, er á staðnum. S:562-1717.




**GOTT VERÐ 7.990.000.-**
VOLVO XC90 D5 7 MANNA. Árg.2016,ek.69.þús, dísel, 225 hestöfl, sjálfskiptur 8 gírar, er á staðnum. Rnr.245928. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



HONDA Cr-v executive panorama. Árgerð 2014, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Fjarlægðarskynjarar. Bakkmyndavél. Leður. Verð 4.690.000. Rnr.151712



TOYOTA Land cruiser 150 vx diesel 33". Árgerð 2016, ekinn 6 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Motta í skotti. Dráttarbeisli. Kælibox. Bakkmyndavél. Verð 11.190.000. Rnr.151649.



TOYOTA Hilux double cab d/c, sr diesel. Árgerð 2007, ekinn 189 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. dráttarbeisli. Verð 2.690.000. Rnr.151791.

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TESLA MOTORS Model s 85d awd. Árgerð 2015, ekinn 16 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Tæknipakki með autopilot - twin charger. bakkmyndavél og fl. Verð 12.900.000. Rnr.151696.



TRABANT 601 deluxe. Árgerð 1978, ekinn 21 Þ.KM, bensín, beinskiptur. Verð 490.000. Rnr.311905.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt að leika sér


**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**bíll.is**
bestir í bílum...



HARLEY DAVIDSON Touring flhtci electra glide. Árgerð 2006, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.270255.

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
BMW X5 3.0i . Árgerð 2006, ekinn 206 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.159301.



**100% LÁN**
MAZDA 6. Árgerð 2006, ekinn 162 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. TILBOÐ 690.000 staðgreitt. Rnr.159640.



**100% LÁN**
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. TILBOÐ 990.000 staðgreitt. Rnr.162478.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**Netbifreiðasalan**



BMW 320D Grand Tourismo Sportline. Árgerð 2016, ekinn 19 Þ.km, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 5.990.000. TILBOÐ 4.990.000.- Stgr Rnr.110447.

**Netbifreiðasalan**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**netbifreidasalan.is**

### Bílar til sölu



Audi A5 Sportback 2,0 TDI Arg. 2012, ek.98000 km, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 3 990 000 Sími 8419760.



Wv póló árg 2003 3-dyra1,2 vél beinskiftur ek 176 þús skoðaður 18 ný kúpling góð dekk verð 295 þús gsm 8927852


# GÓÐUR 4x4 BÍLL

## ENN BETRI DÍLL

## SÍÐUSTU BÍLARNIR Á LÆKKUÐU VERÐI




AÐEINS 52 ÞÚS. Á MÁNUÐI*

**SUZUKI VITARA 4x4GLX DÍSEL**
ÁRGERÐ 2016 - SJÁLFSKIPTIR
LÍTIÐ NOTAÐIR

**TILBOÐSVERÐ KR. 3.990 ÞÚSUND**

**Hlaðnir þægindum**

Bílarnir eru eknir á bilinu **25-29** þúsund km.
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi sem er **apríl 2016**.

- Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- Allt að 90% fjármögnun
- Til í ýmsum litum
- Góð endursala
- Tökum bíla upp í

Einn vinsælasti smájeppinn á Íslandi

* Miðað við 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið mán-fös 10-18
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



**ÚTSALA MÓTORSPORT !!!**
M.BENZ SPRINTER árg 2004 ek 205 Þkm. 5 gíra, sérútbúin fyrir mótorsport/útivist, eldavél, svefnaðstaða, topp græjur, ný skoðaður og mjög gott viðhald, möguleiki á 100% láni, tilboðsverð 1.490.000.- GSM 893-9500

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet. Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

Löggiltur málari getur bætt við sig verkefnum inni og úti. Uppl. s. 772 1765

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA



**Stiga Estate 7102 H**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is




ráðum ráðningarstofa

**Ertu að leita að starfi?**

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




**Avensis S/D Sol**
Nýskráður 5/2011, ekinn 112 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.190.000**




**Megane Sport Tourer**
Nýskráður 5/2011, ekinn 113 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð kr. 1.750.000**




**Kia Sportage v6**
Nýskráður 1/2005, ekinn 180 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar.




**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2016, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 5.390.000**




**CR-V Elegance 2WD dísil með GPS**
Nýskráður 1/2016, ekinn 11 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 4.390.000**




**Boxer L3H2**
Nýskráður 1/2014, ekinn 43 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 2.990.000 með VSK**




**Accord Tourer Elegance**
Nýskráður 7/2013, ekinn 107 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 2.650.000**




**208 Active**
Nýskráður 10/2015, ekinn 26 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.790.000**




**Accord Tourer Sport**
Nýskráður 3/2005, ekinn 118 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Tilboð kr. 690.000**

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Lykill fjármögnun

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Lokað laugardaginn á hvítasunnu**

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR
**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn

VEIÐIPORTIÐ



Jaxon 4 og 5 laga öndunarvöðlur Bestu vöðlurnar undir 30 þús. kr. á markaðnum Verð 29.800 kr Með skóm .34.900 kr Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

## Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þá, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Sumarbústaðir



Einbýlishús - sumarhús úr hágæðaharðfuru. Kynnið ykkur úrvalið. Gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sumarstarfsfólki í vinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Tilkynningar

## Einkamál

Karlmaður 74 ára óskar eftir að kynnast öðrum karlmanni. Uppl. í s. 626 9743

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

## Tilkynningar

### AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGSBREYTINGU Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingu eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mosagata 9-27 (9-15). Tillaga að breytingu á deiliskipulaginu Urriðaholt-Vesturhluti.
Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðin verði sameinuð í eina lóð. Gert er ráð fyrir sameiginlegri bílgeymslu á lóð. Fjölbýlishúsum á lóð verði snúið og svalagangar verði heimilaðir á garðhlið. Fallið er frá hugmynd um parhús mót Mosagötu en íbúðarhluti færður að Mosagötu. Íbúðum fjölgar um tvær.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 1. júní 2017 til og með 13. júlí 2017. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar.
Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 13. júlí 2017.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**
Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Fasteignir

BORGIR FASTEIGNASALA

**GOÐHEIMAR 2, RVK**




**OPIÐ HÚS FIMMTUDAG 1.06. 2017 KL. 17.30 TIL 18.00**
**Góða ca 125 fm íbúð á efstu hæð í fjórbýli, staðsettu á horninu Goðheimar /Sólheimar.**
Húsið allt ný-viðgert og málað að utan. Vinsæl staðsetning. Stutt í alla þjónustu og skóla - Laugardalurinn rétt hjá. Mikið útsýni. Góður garður bak við húsið og þar rækta íbúar grænmeti hver í sínum reit. Þrjú svefnherbergi, stór stofa og sólstofa. **Verð 49,9 milj.**
**Áhugasamir velkomnir milli kl. 17.30 og 18.00 í dag.**
**Nánari upplýsingar veitir Ægir s. 896-8030 eða aegir@borgir.is.**

**Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030**
**Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

## Tilkynningar

FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2016/2017 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 641, 8. júlí 2016

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna sbr. auglýsingu nr. 455/2017 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir neðangreint byggðarlag:

**Tálknafjörður**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.
**Umsóknarfrestur er til og með 14. júní 2017.**

*Fiskistofa, 31. maí 2017.*

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is


Bostik medium LH spartl 5 lítrar
1.490
Deka Projekt 05 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
5.890
Þakmálning 10 lítrar
8.990
Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn
2.095
Bio Kleen pallahreinsir 5 lítrar
2.990
1 líter kr. 1.195
Maston Hammer Spray 400ml
1.050
Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill. - Sett
1.490
Bostik spartl 250ml
490
DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
7.490
Maston Hammer 250ml
995
Maston Hammer 750ml
1.995
Meister Terraso kústur með stífum hárum 4360340
1.395
weber og DEKA
Hágæða múrefni í Múrbúðinni
Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm 25 kg
2.350
Weberfloor 4160 Hraðþornandi flotefni 2-30mm 25 kg
3.150
Weberfloor 4630 Durolit iðnaðar & útiflot 25 kg
4.690
Weber REP 980 þéttimúr grár 25 kg 2.940
Weber Gróf Múrblanda 25 kg 1.570
Combimix Staurasteypa 20 kg 990
Deka Hrað viðgerðarblanda 25 kg 3.990
Deka Fíber trefja-styrkt múrblanda 25 kg 3.150
Deka-Filt Filtunarmúr 25 kg. 1.990
Deka Acryl grunnur 1 kg 1.290 5 kg 4.590
Furukrossviður
9-12-15-18mm þykkur
Gæðavara. Gott verð
LFD 90AL70x33x100 cm
9.990
Lutool Combo Kit allt settið aðeins
14.990
Skrúfvél 12V
Stingsög - Sverðsög 12V
Fjölnotatæki 300W
Frábært verð á stál- og plast-þakrennum.
Sjá verðlista á www.murbudin.is
Haki
2.490,
Áltrappa 3 þrep
3.990
Áltrappa 4 þrep 4.940
5 þrep 6.390
A015-105
Áltrappa 5 þrep
16.790
LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
18.990
Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM
LuTool gráðukúttsög 305mm blað
35.890
Lutool 24V Li-Ion Rafhlöðuborvél
10.990
Lutool borð undir kúttsög
19.980
SAN-SM-CLE206
Fjölnota pallur/trappa
17.990
pallur fylgir
Drive-HM-140 1600W - 14cm hræripinni - 2 hraðar
22.990
DOMAX byggingarvinklar. Mikið úrval
Drive160 L steypuhrærivél
39.980
Kapalkefli 10 mtr
2.990
Kapalkefli 3FG1,5 25 mtr
6.190
15 metra rafmagnssnúra
2.790

# Vínilparket - Harðparket - Flísar

wineo – söluhæsti framleiðandi Þýskalands

MÚRBÚÐARVERÐ

ceraviva



EUROWOOD

EUROWOOD KIPO EIK 12mm harðparket, 18,8x187,5cm **2.990** kr. m²

Wineo - Aumaera eik grá 5 mm vínill
**4.490** kr. m²
VÍNILPARKET

Wineo - Tirol Oak hvít 8 mm harðparket
**1.990** kr. m²

EUROWOOD - Bandsöguð áferð - 8 mm harðparket
**1.590** kr. m²

Ceraviva Cementi Ljós - Gólfflís - 30x60 cm
**3.690** kr. m²

Wineo - Viktoria eik native 5 mm vínill
**4.490** kr. m²
VÍNILPARKET

Wineo - Washed Oak - 8 mm harðparket
**1.990** kr. m²

EUROWOOD - Steingrá eik - 8 mm harðparket
**1.590** kr. m²

Ceraviva Fondo Griggio - Gólfflís - 60x60 cm
**3.690** kr. m²

Wineo - Viktoria eik grá 5 mm vínill
**4.490** kr. m²
VÍNILPARKET

Wineo - Tirol grá eik - 10 mm harðparket
**2.790** kr. m²

EUROWOOD - Hvít eik - 12 mm harðparket
**2.990** kr. m²

Mustang náttúrusteinn - 30x60 cm
**4.490** kr. m²

Wineo - Aumera eik - 5 mm vínill
**4.490** kr. m²
VÍNILPARKET

Don - Klassísk eik - 8 mm harðparket
**1.390** kr. m²

EUROWOOD - Grá eik - 12 mm harðparket
**2.990** kr. m²

Kai bílskúrsflís - 33x33 cm - gegnheil 7 mm
**1.590** kr. m²

# Allt fyrir baðherbergið

MÚRBÚÐARVERÐ

CERAVID
Þýsk gæði

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara
**37.890**

Skál: „Scandinavia design"

Riga salerni með setu gólf- eða veggstútur. Kr.
**19.990**

IDO

Ido Seven D með setu
**41.890**
(frá Finnlandi)

Ido Trevi vegghengt með setu
**17.890**

Ryðfrír barki175 cm
kr. **990**

Ceravid Bathline Classic baðkar 170x75cm
**17.890**
Einnig til sem hornbaðkar

BOZZ
sturtuhorn
Ferkantað og rúnnað
80x80 **28.890**
Ferkantað og rúnnað
90x90 **30.890**
Vatnslás og botnventill frá McAlpine

KJÖRIÐ Í BÚSTAÐINN

Imex CT1053 Wc án setu
**13.490**

BOZZ
sturtuklefi
90x90cm
**39.900**

80x80cm
**36.900**
Fást einnig rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 39.900**
Sturtustöng og -brúsa fylgja.

**1.290** **1.190**

**1.290**

MIKIÐ ÚRVAL

Sturtuhausar frá
kr. **1.290**
Mikið úrval

**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
kr.**18.990**
Málm handföng.
Rósettur og hjámiðjur fylgja.

**2.290**
5 lítrar

**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr.**13.990**

**2.990**

Mistillo MTG sturtusett
**11.990**

Bidalux BWR sturtusett
**9.890**

## BOZZ hitastýrð blöndunartæki

BOZZ-SH2101-1
Bað og sturtusett með hitastýrðu tæki
**29.890**
(rósettur fylgja)

BOZZ SH2205-3
Sturtusett m/hitastýrðu tæki
**24.890**
(rósettur fylgja)

BOZZ- LH2202-3
Hitastýrt sturtutæki með niðurstút kr.
**8.890** (rósettur fylgja)

EN 1111:1997

MÚRBÚÐIN

# Landsliðsþjálfararnir skilningsríkir

**FÓTBOLTI** Hörður Björgvin Magnússon, leikmaður Bristol City í ensku B-deildinni, hefur ekki spilað marga fótboltaleiki á árinu 2017. Eftir að hafa byrjað fyrstu 24 leikina hjá Bristol var hann settur í frystikistuna af knattspyrnustjóra liðsins og tók aðeins þátt í fjórum leikjum af síðustu 22 í deildinni.

„Svona er bara boltinn. Þegar stjórinn hefur úr 35 leikmönnum að velja. Þá er erfitt að halda öllum góðum,“ segir Hörður Björgvin sem leitaði svara við þessari bekkjarsetu en greip meira og minna í tómt.

„Ég spurði hann spurninga um hvað ég þyrfti að bæta til að fá aftur minn spiltíma. Ég fékk tækifæri aftur og nýtti það vel en svo var skipt um kerfi og þá fór ég aftur á bekkinn.“

Þrátt fyrir mikla bekkjarsetu líkar Herði lífið vel á Englandi en hann kom í hörkuna í B-deildinni frá Ítalíu.

„Þetta er smá breyting frá Ítalíu en menningin er svipuð og á Íslandi þannig að ég var snöggur að aðlagast. Mér gekk vel í fyrstu 24 leikjunum sem ég spilaði en síðan koma líka erfiðir tímar. Þjálfarinn ræður liðinu og maður þarf bara að vera tilbúinn þegar kallið kemur aftur,“ segir hann.

Bekkjarsetan hjálpar Herði ekkert að vinna sér sæti í byrjunarliði íslenska landsliðsins en fá lið í heiminum í dag er erfiðara að komast inn í enda árangurinn verið stjarnfræðilegur á undanförnum misserum.

„Allt hefur þetta áhrif en landsliðsþjálfararnir vita og skilja vel ástæðu þess að ég er ekki að spila þarna úti. Þeir eru í reglulegu sambandi við okkur. Þeir sýndu þessu mikinn skilning og vita út í hvað ég er kominn þarna. Aðalmálið er að ég sé í standi og er að æfa vel. Ég er enn þá í leikformi,“ segir Hörður Björgvin Magnússon. – tom



Hörður Björgvin Magnússon skoraði glæsilegt mark í fyrsta sigri Íslands á Írum í Dyflinni í mars. NORDICPHOTOS/GETTY



Björgvin Þór verður mikill liðsstyrkur fyrir ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Björgvin heim í Breiðholtið

**HANDBOLTI** ÍR fékk heldur betur liðsstyrk fyrir átökin í Olís-deild karla í handbolta næsta vetur þegar Björgvin Þór Hólmgeirsson samdi við liðið. Eftir eitt ár í næstefstu deild eru ÍR-ingar mættir aftur í deild þeirra bestu og voru áður búnir að landa hornamanninum Kristjáni Orra Jóhannssyni frá Akureyri.

„Já, þið lásuð rétt, langbesti leikmaður Olís deildarinnar fyrir tveimur árum er kominn heim. Þetta undirstrikar enn frekar þá stefnu okkar að koma ÍR aftur í fremstu röð, þar sem við eigum heima,“ sögðu ÍR-ingar á heimasíðu sinni um heimkomu Björgvins.

Hann var kjörinn besti leikmaður tímabilsins 2014-2015 þegar ÍR hafnaði í þriðja sæti en síðan hefur hann undanfarin ár spilað með Al Wasl í Dúbaí. Austurlandaævintýrinu er nú lokið. – tom



Arnar Freyr Ársælsson er nýliði í landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Arnar Freyr inn fyrir Stefán

**HANDBOLTI** Geir Sveinsson, landsliðsþjálfari karla í handbolta, hefur gert breytingu á landsliðshópnum sem hefur leik á fjögurra þjóða móti í Noregi í næstu viku.

Stefán Rafn Sigurmannsson, leikmaður Álaborgar í Danmörku, hefur þurft að draga sig út úr hópnum vegna meiðsla og í hans stað kemur Arnar Freyr Ársælsson, leikmaður FH.

Arnar Freyr er nýliði en hann fær nú sínar fyrstu mínútur með landsliðinu á Gjensidige-bikarnum í Noregi sem hefst 8. júní.

Nokkrir lykilmenn landsliðsins fá frí í verkefninu eins og Aron Pálmarsson. – tom




FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
1. JÚNÍ 2017 FIMMTUDAGUR



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Ísleifur Jónsson**
vélaverkfræðingur,

andaðist að Hrafnistu í Kópavogi
þriðjudaginn 23. maí. Hann verður
jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík
föstudaginn 2. júní klukkan 13.

**Katrín Ísleifsdóttir Everett Steve Everett**
**Jón Högni Ísleifsson Sonja Vilhjálmsdóttir**
**Einar Bragi Ísleifsson**
**Bergsteinn Reynir Ísleifsson Arnhildur Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorsteinn Óskarsson**
skipstjóri,
Heiðarhrauni 33b, Grindavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
Fossvogi 25. maí. Útförin fer fram frá
Grindavíkurkirkju laugardaginn 3. júní klukkan 13.

**Hrönn Ágústsdóttir**
**Ólafía Kristín Þorsteinsdóttir Jóhann B. Elíasson**
**Salbjörg Júlía Þorsteinsdóttir Magnús Már Jakobsson**
**Brynjar Davíð Þorsteinsson Natalie Anne Pearce**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Ragnheiður Ólafsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,

lést að kvöldi 15. maí á
hjúkrunarheimilinu Ísafold. Útförin fer fram
frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 6. júní kl. 15.00. Þeim
sem vilja minnast hennar er bent á Kristniboðssambandið
í síma: 533 4900. Reikningur 0328-26-002800,
kennitala 550269-4149.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hendrikka J. Alfreðsdóttir Pétur Ásgeirsson**
**Ólöf Petrína Alfreðsdóttir**
**Sveinn Alfreðsson Valdís Ólöf Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Rós Pétursdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
30. maí sl. Útförin fer fram þann 6. júní
kl. 13.00 frá Kópavogskirkju.

**Margrét Magnúsdóttir Valgeir Pálsson**
**Sigríður Magnúsdóttir Jón Sigurðsson**
**Guðlaug Magnúsdóttir Gunnar Gísli Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Guðrún Kristjana Ármannsdóttir**
frá Leifsstöðum, Vopnafirði,

síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu
Skógarbæ, andaðist sunnudaginn 21. maí.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ármann Sigurðsson Guðbjörg Jóhannesdóttir**
**Stefán Sigurðsson Torill Uthberg**
**Sigurður Evert Ármannsson**
**Katrín Lind Ármannsdóttir**
**Þórður Snær Ármannsson**
**Jóhannes Egill Árnason**
**Sigrún Ósk Árnadóttir**
**Sóley María Árnadóttir**



Víðir Smári Petersen og Jónas A. Aðalsteinsson skömmu eftir að Víðir hafði lokið síðasta prófmáli sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sá yngsti og næstelsti starfa á sömu stofunni

**Víðir Smári Petersen varð í gær yngstur til að hljóta málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Hann segist hafa lært mikið af sér eldri mönnum. Einn þeirra, hinn 83 ára Jónas A. Aðalsteinsson, segist hins vegar læra mikið af unga fólkinu á stofunni.**

Víðir Smári Petersen, lögmaður hjá LEX lögmannsstofu, flutti í gær sitt síðasta prófmál fyrir Hæstarétti og er því orðinn hæstaréttarlögmaður. Það er merkilegt fyrir þær sakir að Víðir er aðeins 28 ára gamall.

„Það fylgir þessu ákveðinn léttir,“ segir Víðir. Leiðin að hæstaréttarlögmanninum lengist nefnilega um eitt dómstig um næstu áramót þegar Landsréttur tekur til starfa. Því sitja lögmenn um möguleg prófmál til að klára dæmið sem fyrst.

„Þetta snýst auðvitað um að vera klókur og átta sig á því fyrirfram hvaða mál geta orðið prófmál. Ég skoðaði flipann yfir áfrýjuðu málin reglulega og hafði samband við lögmenn áður en það lá ljóst fyrir hvort þau yrðu fimm manna mál eður ei,“ segir Víðir. „Það er einn lykillinn, sjá hverju hefur verið áfrýjað og stúdera þau mál.“

Ferilskrá Víðis ber ekki vott um ungan aldur en orð hefur verið haft á því að hún gefi til kynna að hann sé tíu árum eldri en hann er í raun. Hann lauk laganámi 2011, hlaut málaflutningsréttindi sama ár, lauk LL.M. gráðu frá Harvard árið 2015, hefur kennt við HÍ síðan 2011 og var ráðinn aðjúnkt árið 2016. Víðir segist þó hafa hlotið einn mesta lærdóminn frá eldri lögmönnum.

> **Maður reynir að komast hjá því að fara fyrir dómstóla eins lengi og maður getur. Leysa málin milli aðila sjálfra.**

„Það er ómetanlegt að hafa reynslubolta í kringum sig enda mikil reynsla og þekking sem býr að baki hjá þeim,“ segir Víðir.

Í hópi reynslubolta þeirra sem Víðir vísar til er einn stofnenda LEX, Jónas A. Aðalsteinsson. Sá er fæddur árið 1934, 83 ára gamall, og lauk prófi frá lagadeild 1962. Að sögn Víðis er það um það leyti sem móðir hans fæddist. Jónas hefur staðið að rekstri lögmannsstofa frá árinu 1965 og segir að það séu ekki aðeins þeir eldri sem miðli reynslu til hinna yngri.

„Maður nýtur þess aldeilis að vera innan um þetta unga fólk. Það er nefnilega svo að þar eru á ferðinni viskubrunnar sem koma með nýjungarnar til manns,“ segir Jónas. Hann er næstelsti lögmaður landsins með virk réttindi.

„Það eru forréttindi að fá að vera á svona jákvæðum vinnustað og skemmtilegum með þessu góða fólki. Svo gerir maður líka einstaka sinnum gagn og tekst að leysa mál,“ segir Jónas og hlær.

Með hækkandi aldri hefur Jónas valið sín mál af kostgæfni og það aukist að hann deili þeim út til kollega sinna. Hann hefur það að leiðarljósi að reyna að leysa mál á sem jákvæðastan hátt fyrir alla aðila. „Maður reynir að komast hjá því að fara fyrir dómstóla eins lengi og maður getur. Leysa málin milli aðila sjálfra,“ segir Jónas.

Í dag verður haldið upp á það að Víðir hafi öðlast réttindin með svokölluðu „hrl.-boði“. Í gegnum tíðina hefur það tíðkast að nýbakaðir hæstaréttarlögmenn bjóði kollegum úr lagaheiminum í slíkan gleðskap.

johannoli@frettabladid.is



✝

Okkar ástkæri

**Einar Guðmundsson**
Sólbakka 9, Breiðdalsvík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
21. maí sl. Útförin fer fram frá
Heydalakirkju, laugardaginn 3. júní, kl. 14.

**Guðmundur Rúnar Einarsson Chalor Kaewwiset**
**Selja Janthong Sigurður Grétar Sigurðsson**
**Gunnar Ari Guðmundsson Heiðrún Alda Hansdóttir**
**Björn Guðmundsson**
**Aðalheiður Guðrún Guðmundsdóttir**
**Friðrik Mar Guðmundsson Alda Oddsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir Þorlákur Björnsson**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, bróðir og afi,

**Bjarni Heiðar Helgason**
(Bói)
Fífumóa 1d, Njarðvík,

lést á heimili sínu 29. maí síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju
fimmtudaginn 8. júní kl. 13.00.

**Sólveig Steinunn Bjarnadóttir Sigfús Aðalsteinsson**
**Vilhjálmur Magnús Thelma Björgvinsdóttir**
**Helga Sigrún Helgadóttir**
**Valgerður Helgadóttir**
**og barnabörn.**


BYLGJAN989
#BYLGJAN
SPRENGISANDUR Á BYLGJUNNI
KRISTJÁN KRISTJÁNSSON TEKUR Á MÓTI GÓÐUM GESTUM Á SPRENGISANDI.
KRAFTMIKIL UMRÆÐA UM PÓLITÍKINA OG LANDSMÁLIN.
SUNNUDAG
MILLI KL. 10:00 - 12:00
SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
BYLGJUAPPIÐ
ÚTVARP
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 30 ÁRA 989

# ÚRVALIÐ ER Í ICELAND

## OPIÐ ALLA HVÍTASUNNUHELGINA




**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**SPARERIBS**
TULIPS
**1499** KR. PK.
550g

**KJÖTBANKINN HELGARSTEIK**
MARINERUÐ
**2099** KR. KG.

**ALI GRÍSAHNAKKI**
FERSKUR
**1499** KR. PK.
550g

**SS LAMBALÆRI**
BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
STUTT - HÁLFÚRBEINAÐ
**1499** KR. KG

**SS LAMBALÆRI**
BLÁBERJAKRYDDLEGIÐ
STUTT - HÁLFÚRBEINAÐ
**1499** KR. KG

# ICELAND ER MEÐ ALLT Á GRILLIÐ

**KÖTLU GRILLSÓSUR**
**299** KR. STK.
225ml

**SNICKERS/MARS**
PRÓTEIN SÚKKULAÐI
**249** KR. STK.

**CHEERIOS**
**999** KR. PK.
1.1kg

**COCOA PUFFS**
**1199** KR. PK.
1kg

**BEN & JERRY´S**
ALLAR TEG.
**599** KR. PK.
500ml

**HONEY NUT CHEERIOS**
**1099** KR. PK.
1.3kg

**LUCKY CHARMS**
**1099** KR. PK.
1.3kg

**SNICKERS/MARS**
9 STK. Í PAKKA
**299** KR. PK.

**BULLDOG**
ORKUDRYKKUR
**99** KR. STK.
250ml

**ICELAND CONES**
JARÐABERJA/SÚKKULAÐI
**399** KR. PK.
6PK

**JAFFA GOLD**
4 TEG.
**99** KR. PK.

**MAGNUM SÚKKULAÐI**
3. TEG.
**199** KR. PK.

**SAMBA KOSSAR**
VENJULEGIR/KÓKOS
**149** KR. PK.

Iceland

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Strekkings eða allhvöss austan- og norðaustanátt með rigningu, en hvassviðri eða stormur við suðurströndina fram eftir degi.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 3° | 6° |
| ↑ 2 | ← 14 | ← 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 6° | 11° | 7° |
| ← 9 | ↖ 6 | ↖ 3 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 4° | 5° |
| ↓ 3 | ← 10 | ↙ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 12° | 7° |
| ↙ 4 | ← 9 | ↘ 1 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. drykkur
6. í röð
8. móðurlíf
9. skilaboð
11. tveir eins
12. messing
14. vísa leið
16. í röð
17. einkar
18. þrá
20. tvíhljóði
21. högg

**LÓÐRÉTT**
1. ofsi
3. fæddi
4. leiðbeining
5. hætta
7. tonn
10. hlóðir
13. spreia
15. síll
16. dolla
19. mun



**LÁRÉTT: 2.** kókó, **6.** rs, **8.** leg, **9.** sms, **11.** nn, **12.** látún, **14.** lóðsa, **16.** de, **17.** all, **18.** ósk, **20.** au, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** ærsl, **3.** ól, **4.** kennsla, **5.** ógn, **7.** smálest, **10.** stó, **13.** úða, **15.** alur, **16.** dós, **19.** ku.

## Skák Gunnar Björnsson

Rechlis átti leik gegn Manor í Bern árið 1990.

**Hvítur á leik**

**1. Bxh6! Hxh6 2. Dxh6+! Kxh6 3. Hg5! 1-0.** Ný alþjóðleg skákstig eru komin út. Héðinn Steingrímsson er stigahæstur íslenskra skákmanna. Hjörvar Steinn Grétarsson og Hannes Hlífar Stefánsson koma næstir. **www.skak.is:** Guðmundur á EM.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








MIÐNÆTURSPRENGJA
Í SMÁRALIND 1. JÚNÍ
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Sérfræðingar frá helstu vörumerkjunum verða á staðnum og veita góð ráð.
asics
THE NORTH FACE
hummel
casall
UNDER ARMOUR
ENDURANCE
KARI TRAA
POLAR
ZIGZAG
WHISTLER
speedo
SELECT
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is



Þeir félagar Markús og Ragnar hafa verið önnum kafnir í vikunni við að setja upp sýninguna í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Áhugavert að skjóta mig í fótinn og sjá hvað gerist

**Ragnar Kjartansson myndlistarmaður og Markús Þór Andrésson sýningarstjóri hafa átt í samtali um listina, lofgjörð hennar og afhjúpun, frá því þeir sátu saman yfir kaffibolla í listaskólanum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Á laugardaginn verður opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur sýning á verkum Ragnars Kjartanssonar undir heitinu Guð, hvað mér líður illa. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson en kynni hans og listamannsins má rekja allt aftur til þess tíma þegar þeir voru saman í Listaháskóla Íslands.

### Skoðun á list

Hafnarhúsið er allt lagt undir þessa viðamiklu sýningu en Markús segir að það hafi ekki veitt af þar sem höfundarverk Ragnars er æði viðamikið. „Það er loksins komið að því að sýna verk Ragnars í safni á Íslandi þar sem tekið er á meira en einu verki. Hann er búinn að vera sérstaklega afkastamikill síðustu ár og gera verk af þeirri stærðargráðu að þau fylla heilu sýningarsalina. Þannig að ef maður ætlar að stilla saman nokkrum veigamiklum verkum þá er maður strax kominn með allt húsið,“ segir Markús og leggur áherslu á að markmið sýningarinnar sé að sýna ákveðið samtal á milli verkanna og á milli tímabila. „Elsta verkið er frá 2004 þar sem við erum komin með ákveðna tóna sem síðan endurtaka sig í seinni tíma verkum. Það er áhugavert að bera þetta saman og hugmyndin er að fólk geti fengið góða innsýn í ferilinn og þennan hugarheim.

Þar erum við að skoða þessi ólíku listform sem smitast inn í verkin og því reynum við að tæpa á verkum með tónlist, leiklist, bókmenntum og kvikmyndagerð og fáum þessar ólíku víddir sem Ragnar hefur verið að rannsaka. Myndlistin heldur utan um þetta allt saman en þetta er skoðun á listinni. Hvaða fyrirbæri er listin í mannlegri hegðun, að skapa list og að njóta hennar? Mér finnst Ragnar vera að skoða alla þessa þætti á mismunandi máta í hverju verki.“

> SEM VINUR HEFUR HANN HVATT MIG ÁFRAM Í ÞVÍ SEM ÉG ER AÐ GERA. AÐ SÆKJA EITTHVAÐ, AÐ VERA ÓFEIMINN VIÐ AÐ LEIKA MÉR Á MILLI FORMA OG LEIKA MÉR MEÐ ÞÁ HUGMYND AÐ ÞETTA SÉ LIST UM LISTAVERKIÐ.

### Yfirlýsingar einstaklinga

Tvær síðustu sýningar Ragnars, sín hvorum megin Atlantsála, voru stórar yfirlitssýningar en Ragnar segir þær mjög ólíkar þeirri sem nú er að koma í Hafnarhúsið. „Núna er Markús sýningarstjóri og þetta er öðruvísi nálgun. Hér erum við meira með verk sem eru í samræðu um listina á meðan hinar sýningarnar voru hefðbundnari yfirlitssýningar. Ég er á því að það sé skýrari tónn í þessari sýningu,“ segir Ragnar.

Þeir félagar hafa oft unnið saman í gegnum tíðina en Markús segir að vægi sýningarstjórans í stórri sýningu á borð við þessa sé mismikið. „Í þessu tilviki stöndum við frammi fyrir því að við höfum þekkst lengi og fyrir vikið hefur maður kannski öðruvísi sýn sem gagnast að einhverju leyti. Að sama skapi eru verk Ragnars það opin að það er endalaust hægt að skoða þau frá ólíkum sjónarhóli. Ég held nú að það hefði hver sem er getað sett þessa sýningu saman með þennan efnivið,“ segir Markús og brosir en Ragnar er ekkert á því að taka undir þetta. „Nei, það er einhver tónn sem Markús hefur alltaf séð í verkunum mínum, eiginlega frá því að við vorum saman í Listaháskólanum. Sem vinur hefur hann hvatt mig áfram í því sem ég er að gera. Að sækja eitthvað, að vera ófeiminn við að leika mér á milli forma og leika mér með þá hugmynd að þetta sé list um listaverkið. Skoða hvað listaverkið er og hvert sé hlutverk listamannsins. Þetta er eitthvað sem kemur úr umræðum á kaffistofunni í skólanum þegar ég var kannski að segja að ég vissi ekki hvað ég væri. Vissi bara að ég væri svo mikill póser. Og ég man að Markús hvatti mig áfram í því og sagði að það væri áhugavert.“




nettó

En hver er þá niðurstaðan eða tilgangur listarinnar og listamannsins? „Já, þetta eru stórar spurningar,“ svarar Markús og heldur áfram: „List er einhvers konar tungumál eða angi af mannlegri hegðun sem snýst um að kafa ofan í mannlega tilvist, endurspegla hana og máta. Þetta er einhvers konar hliðarveruleiki þar sem hægt er að leika sér og skoða raunveruleikann. Oft blæðir þarna á milli en lengst af hafa þetta verið aðskildir heimar en síðustu áratugi hefur flæðið orðið meira og er til að mynda algjört hjá Ragnari.“

Ragnar tekur undir þetta og segir að listamaðurinn Ragnar búi til hluti sem eru hans yfirlýsing um heiminn. „Þetta er það sem listamaðurinn gerir. Ég er vissulega hluti af framleiðslunni en ég lít á alla listamenn sem hluta af sinni framleiðslu. Þetta er bara eins og að vera alinn upp við Kjarval, hann er einhvers konar stórt menningarlegt fyrirbæri. Hugmyndir okkar um manninn og verkið renna saman í hausnum á okkur. Þetta finnst mér vera til staðar í gegnum alla listasöguna og þess vegna erum við t.d. alltaf að velta því fyrir okkur hver skrifaði Íslendingasögurnar, vegna þess að verk eru yfirlýsingar frá einstaklingum. Var Laxdæla skrifuð af konu? Það breytir öllu,“ segir Ragnar.

**Aumkunarvert ægivald**

Markús bendir líka á varðandi þessa umræðu um hlutverk og ekki hlutverk listarinnar að það komi vel í ljós á þessari sýningu að verk Ragnars sýni og sanni hversu áhrifarík listin getur verið. „Sýnir að hún skiptir miklu máli, getur verið ægivald en líka snúist við og orðið algjörlega aumkunarverð. Þetta er fjöregg sem mannkynið hefur búið til og er með í höndunum. Ragnar er að skoða hversu viðkvæmt þetta fjöregg er. Verkið Stúka Hitlers er gott dæmi um þetta þar sem er verið að fást við einræðisherra sem veit nákvæmlega hvað hann er með í höndunum þegar listin er annars vegar. Mann sem lætur smíða fyrir sig sérstaka stúku inn í leikhúsið þar sem hann speglar leikhús í leikhúsinu og notar listina sem ægivald. Svo fær Ragnar þetta sent frá Helga Björns í Berlín og hrúgar þessu upp sem einhverju drasli. Þá er þetta orðið aumkunarvert. Hver eru mörkin þarna á milli? Það er þessi list. Vídd hennar og möguleikar. Ragnar finnst mér statt og stöðugt benda á þessar víddir sem liggja á milli ægivalds og hins aumkunarverða og hann gerir það þannig að fólk tárast undan þessum verkum. Upplifir þau ákaflega sterkt,“ segir Markús.

„Eða þá að maður leikur sér með hið aumkunarverða,“ bætir Ragnar við. „Eins og til að mynda Byggingarlist og siðferði. Gegn risastórum mannlegum harmleik og stórum nístandi átökum þá eru bara einhver ræfilsleg málverk,“ segir Ragnar og vísar til nýrra málverka sem eru á sýningunni og sýna hús ísraelskra landtökumanna í Palestínu. „Þú skýtur sjálfan þig í fótinn mjög oft og bersýnilega,“ bætir Markús við og Ragnar tekur glaðlega undir það. „Já, mér finnst alltaf mjög áhugavert að skjóta mig í fótinn og sjá hvað gerist. Það heillar mig.“

**Lofgjörð og afhjúpun**

Markús segir að þegar hann skoði verkin á sýningunni í tímaröð þá séu mörg eldri verkanna ungæðisleg en samt sé þarna skýr þróun. „Ragnar hefur keyrt áfram á innsæi en eftir á að hyggja sér maður að þetta hefur verið á ákveðinni braut. Braut sem er furðulega skýr,“ segir Markús og bætir við að þessi braut hafi tæpast verið svona skýr fyrir tíu árum.“ „Nei, alls ekki,“ svarar Ragnar. „Maður bara fylgir einhverju innsæi og það er mikilvægt því það er það eina sem listamaðurinn hefur. Ekkert annað. Það er eina vegferðin sem ég er á. Að treysta þessu er það eina sem lætur þennan náunga skapa eitthvað sem er einhvers virði.“

En hvað vilja Ragnar og Markús segja með þessari sýningu? „Ég er mjög forvitinn að vita hvað þú segir,“ segir Ragnar og beinir orðum sínum til Markúsar sem segir mikilvægt að það komi fram hvernig verkin virka bæði sem lofgjörð um listina en um leið afhjúpun. „Það er tónn sem mér finnst mikilvægur og spennandi að fá fram. Hægt er að lesa sig í gegnum verkin og þar opnast fyrir manni hverfulleiki listarinnar. Og þegar maður íhugar hana síðan sem endurspeglun alls sem mannlegt er, þá er þar að finna svo margt um hverfulleik sjálfs lífsins og alls sem skiptir máli.“


Ragnar Kjartansson: Byggingalist og siðferði. Birt með leyfi listamannsins og Luhring Augustine, New York & i8, Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**OG ÞEGAR MAÐUR ÍHUGAR HANA SÍÐAN SEM ENDURSPEGLUN ALLS SEM MANNLEGT ER, ÞÁ ER ÞAR AÐ FINNA SVO MARGT UM HVERFULLEIK SJÁLFS LÍFSINS OG ALLS SEM SKIPTIR MÁLI.**

STELLA TRÚIR EKKI Á LÍF EFTIR DAUÐANN




Sjónvarpsþættir væntanlegir í haust

Ómótstæðileg og djörf spennubók eftir hina einstöku Stellu Blómkvist.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is



Karakter eins og Jack Sparrow er einfaldlega ekki gerður til þess að bera sig einn í sviðsljósinu. Hann breytist aldrei né þróast og er best nýttur sem mótvægi við aðra, jarðbundnari karaktera.

# Fjörugir sjóræningjar í þreyttum endurtekningum

**Pirates of the Caribbean: Salazar's Revenge**

★★☆☆☆

**Leikstjórar:** Joachim Rønning, Espen Sandberg
**Framleiðendur:** Jerry Bruckheimer
**Handrit:** Jeff Nathanson
**Aðalhlutverk:** Johnny Depp, Kaya Scodelario, Javier Bardem

Varla er til neitt sem heitir slæm hugmynd, aðeins vond framkvæmd. Í eðli sínu hljómaði það samt eins og mistök að búa til bíómynd byggða á „skemmtitæki“ í Disneylandi, en það var nýtt í fyrstu Pirates of the Caribbean myndinni sem góður grunnur til þess að prófa ýmsa nýja hluti. Hvað gerðist svo? Hún hitti rakleiðis í mark á meðal fólks með heillandi umgjörð, gamaldags ævintýrafíling og óbeisluðum Johnny Depp.

Fjórum myndum og nokkrum milljörðum síðar í heildartekjum er Disney-risinn áfram staðráðinn í því að fanga aftur sömu töfra og sannfæra almenning um að siölvaði, flippaði kafteinninn Jack Sparrow og félagar hans séu ekki orðnir uppiskroppa með ný brögð. Þá kemur fimmta eintakið eins og kallað til að staðfesta það formlega að svo sé, þrátt fyrir að nýi liðsaukinn hjálpi aðeins til að sinni.

Serían hefur séð bæði aðeins verri og mun betri daga, en þrátt fyrir það fær áhorfandinn nákvæmlega það sem hann á von á; heilalausa, rándýra og leikna teiknimynd sem þrífst á því að vera yfirdrifin en engir sénsar eru teknir. Pirates of the Caribbean: Salazar's Revenge er bundin því að fara eftir gömlum uppskriftum en í henni virðist hugmyndaflugið hafa að minnsta kosti verið víkkað meira heldur en í drepleiðinlega fjórða kaflanum í seríunni, þar sem Depp var strípaður öllum sjarma og formlega settur í burðarhlutverkið í stað þess að vera fyndinn fylgihlutur.

Karakter eins og Jack Sparrow er einfaldlega ekki gerður til þess að bera sig einn í sviðsljósinu. Hann breytist aldrei né þróast og er best nýttur sem mótvægi við réttlætiskennd annarra, jarðbundnari karaktera. Depp sýnir merki um að hann njóti sín enn í rullunni sem hann upprunalega hlaut heila Óskarstilnefningu fyrir, en vandinn er nú að bæði persónan og frammistaðan virkar eins og hún sé komin á sjálfsstýringu. Sami galli plagaði líka síðustu mynd. Fátt verra er hægt að gera við fígúru sem á að vera fjörug og óútreiknanleg en að blása hana út, þangað til hún verður bara fyrirsjáanleg og óspennandi.




Brenton Thwaites leikur son Wills Turner, Henry, og er á tíðum álíka einhliða og pabbinn en sleppur alveg. Hið sama gildir ekki um persónuna Carinu Smyth, sem leikin er af Kayu Scodelario. Sú hefur mikið karisma, lætur fljótt vel um sig fara í karlafylunni og fer létt með að vera svalasta persóna myndarinnar.

Kaya og Geoffrey Rush stela senunni í sameiningu, en Rush sannar sig enn á ný sem einhver dýrmætasti fjársjóðurinn í seríunni. Að öðru leyti er Javier Bardem passlegur sem ógnandi illmennið, enda leikarinn þekktur fyrir að lifa sig sterkt í sín hlutverk og Salazar er engin undantekning.

Það er ekki alveg sama hvaða leikstjóri tekur að sér svona Pirates-mynd. Gore Verbinski sinnti sínum þríleik með öruggum, fjölbreyttum tökum. Seinast tók svo söngleikjaunnandinn Rob Marshall við og nú er taumurinn hjá norska leikstjórateyminu Joachim Rønning og Espen Sandberg, mönnunum á bak við Max Manus: Man of War og Kon-Tiki, báðar frábærar myndir.

Tvíeykið heldur stemningunni léttri, líflegri og fer ágætlega að því að gera ýktar, kaótískar hasarsenur snyrtilegar og stílhreinar, en tekst varla að setja merkan heildarsvip á vöruna. Útkoman verður eins bragðlaus í efnistökum og hún er prýðilega útlítandi og epísk.

Peningurinn sést allur á skjánum, en það ætti að vera sjálfsagt mál þegar framleiðsluaurinn slær upp í 230 milljónir dala.

Ef það er eitthvað sem fjármagn á erfitt með að fela þá eru það þunnildi. Þó eru gerðar margar tilraunir til þess með því að hafa stutt á milli hasaratriða. Sum þeirra falla undir þann flokk að bjóða upp á meira af því sama og við höfum áður séð, en það gerist þó stöku sinnum að hressilegt ímyndunarafl skín í gegnum útfærslu þeirra (búturinn með fallöxinni er þar tær hápunktur).

Í myndinni er teygt aðeins um of úr hamaganginum og hefði jafnvel mátt hafa hana einni hasarsenu styttri, helst án bankaránsins þar sem sótt er lauslega í sömu fantasíureglur og í Fast & Furious 5 en gefur orðinu „hestöfl“ nýja merkingu. Ekki það að neinn biðji um lógík í mynd sem inniheldur klofin höf, óteljandi bölvanir, andsetta hákarla og skip sem auðveldlega springa í loft upp.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Peningurinn sést allur á tjaldinu og myndin á sína spretti, en Depp og félagar endurvinna gamlar formúlur og virðast ekki sjá að bestu dagar Jacks Sparrow eru löngu liðnir.





25%

**Guli miðinn**
Bætiefni fyrir alla fjölskylduna
á frábæru verði – Guli miðinn fyrir okkur.
***Öll línan á 25% afslætti.***



25%

**Benecos**
Lífrænar og
náttúrulegar
snyrtivörur.
***Öll línan á 25% afslætti.***

# SUMARIÐ ER KOMIÐ Í HEILSUHÚSINU

FRÁBÆR TILBOÐ TIL 11. JÚNÍ



25%

**Ecover**
Frábær vistvæn hreinsiefni
– betri fyrir náttúruna.
***Öll línan á 25% afslætti.***



25%

**Terranova**
Hágæða bætiefni án allra aukaefna – vegan.
Kíktu á úrvalið í næsta Heilsuhúsi!
***Öll línan á 25% afslætti.***



25%

**Nutribiotic prótein**
Hrísgrjóna prótein,
unnin úr brúnum grjónum.
Raw og glúteinlaus.
***Öll línan á 25% afslætti.***



25%

**Solaray – mikið úrval!**
Finndu þinn sólargeisla frá Solaray í Heilsuhúsinu.
***Öll línan á 25% afslætti.***

SKOÐAÐU RAFRÆNA ÚTGÁFU HEILSUFRÉTTA Á WWW.HEILSUHUSID.IS






SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

markhönnun ehf

# nettó



KJÖTSEL

-30%

**GRILL GRÍSABÓGSNEIÐAR**
FRÁ KJÖTSEL
**699 KR/KG**
ÁÐUR: 998 KR/KG



KJÖTBORÐ

-40%

**NAUTAHAMBORGARAR**
2 X 115 GR
**275 KR/PK**
ÁÐUR: 459 KR/PK

## Gott á grillið!



-20%

**TULIP SPARE RIBS**
SVÍNARIF FULLELDUÐ
Í BBQ 550 GR.
**1.358 KR/PK**
ÁÐUR: 1.698 KR/PK



-30%

**LAMBAGRILLPAKKI FRÁ KS**
BLANDAÐAR SNEIÐAR ÚR LAMBI
Í GRILL MARINERINGU
**1.259 KR/KG**
ÁÐUR: 1.798 KR/KG



2 FYRIR 1 tilboð

**CAFFESSO NESPRESSO**
**589**



-20%

**OKKAR KAFFI**
400 GR.
**452 KR/PK**
ÁÐUR: 565 KR/PK



-20%

**X-TRA SAFI**
APPELSÍNU 100% 1,5 L
**239 KR/STK**
ÁÐUR: 299 KR/STK



**PRINGLES**
40 GR. SOURCREAM
**89 KR/STK**



-20%

**ELDHÚSRÚLLA**
GIGANT JUMBO 97M
**479 KR/PK**
ÁÐUR: 599 KR/PK



**KREMKEX**
FRÁ OREO. 154 GR.
**149 KR/PK**
ÁÐUR: 179 KR/PK



-20%

**POT NÚÐLUR**
CHOW MEIN
**199 KR/STK**
ÁÐUR: 249 KR/STK

**Tilboðin gilda 1. - 5. júní 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-30%

**ANDALEGGUR OG LÆRI**
FROSIÐ
**1.399 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~



Verð-sprengja

**NAUTALUNDIR**
ERLENDAR FROSTNAR
**2.999 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.998 KR/KG~~



ÓDÝRT Í nettó

-40%

**BJÚGU** FRÁ NETTÓ
**539 KR/PK**
~~ÁÐUR: 899 KR/PK~~

**MANGÓ**
**239 KR/KG**
~~ÁÐUR: 478 KR/KG~~



-50%




-31%

**CARAMEL** TUNNOCK'S 5 STK.
**199 KR/PK**
~~ÁÐUR: 289 KR/PK~~




-30%

**PIZZAOSTUR**
FRÁ ARLA 175 GR.
**321 KR/STK**
~~ÁÐUR: 459 KR/STK~~




**FRUITTELLA JUICY**
JARÐARBER 200 GR.
**199 KR/PK**
~~ÁÐUR: 299 KR/PK~~

| Opnunartími verslana um Hvítasunnu | | Hvítasunna 4. jún. | Annar í Hvítasunnu 5. júní |
|---|---|---|---|
| Nettó | Borgarnes | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| **Nettó** | **Búðakór** | **10.00 - 21.00** | **10.00 - 21.00** |
| Nettó | Ísafjörður | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Egilsstaðir | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Glerártorgi | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Grandi | LOKAÐ | Opið 24 klst. |
| Nettó | Grindavík | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Hafnarfirði | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Hrísalundi | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Húsavík | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Höfn | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Iðavellir | LOKAÐ | 10.00 - 21.00 |
| Nettó | Krossmóa | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Mjódd | LOKAÐ | Opið 24. klst. |
| Nettó | Salavegi | LOKAÐ | 10.00 - 18.00 |
| Nettó | Selfossi | LOKAÐ | 10.00 - 21.00 |

**www.netto.is**
